FRÉTTABLAÐIÐ
6. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 8. JANÚAR 2016



Föstudagsviðtalið

# Það líðst engin spilling

**Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri ræðir spillingarmál, hryðjuverkaógn, vopnaburð, samskiptavanda innan lögreglunnar og meinta vopnagjöf Norðmanna. Hann segir björgunarsveitir þurfa að sinna störfum sem lögregla ætti að sinna. Haraldur vill fækka lögreglustjórum en fjölga lögregluþjónum.**
SÍÐUR 10 og 12

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ítrekaðar ásakanir um misferli voru hundsaðar

**LÖGREGLA** Í sjö ára tíð Karls Steinars Valssonar sem yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglu voru endurtekið gerðar athugasemdir við störf lögreglufulltrúa, bæði af almenningi og samstarfsmönnum hans á deildinni. Á tíma þar sem ásakanir voru hvað háværastar fullyrti Karl Steinar við hóp undirmanna og samstarfsmanna að mál mannsins hefði verið rannsakað. Það var hins vegar aldrei gert.



Umræddur lögreglufulltrúi gegndi um tíma yfirmannsstöðu hjá upplýsingadeild og fíkniefnadeild. Fyrirkomulagið er óþekkt í nágrannalöndum okkar og þykir gagnrýnivert. Sami maður á aldrei að hafa vitneskju um uppljóstrara, sem oft eru tengdir fíkniefnamálum, og rannsóknir á fíkniefnamálum.

Um mitt síðasta ár krafðist fjölmennur hópur samstarfsmanna fulltrúans í fíkniefnadeildinni að gripið yrði til aðgerða. Var fulltrúinn færður til í starfi, í fyrsta skipti af þremur á árinu. Honum var þó aldrei vikið frá störfum og mál hans hefur ekki verið formlega rannsakað.

– ktd / sjá síðu 4





NÝTT ÁR
NÝTT TÆKIFÆRI

*Komdu í ókeypis 60 mínútna kynningartíma í Ármúla 11 á 3. hæð*

*// Fyrir 10–15 ára*
10. janúar kl. 15

*// Fyrir 16–25 ára*
10. janúar kl. 16

*// Fyrir 25 ára og eldri*
13. janúar kl. 20
17. janúar kl. 16

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

*Skráðu þig í síma 555 7080 eða á www.dale.is*

## Veður




Hægt minnkandi austanátt í dag, og verður veður víðast hvar skaplegt síðdegis á morgun. Éljagangur austantil en bjartviðri víða á vestanverðu landinu. Kólnandi, og vægt frost í kvöld. SJÁ SÍÐU 22



**Amfetamínið er notað af litlum hópi fólks sem nú stendur uppi ráðalaus vegna vanvirkni efnisins.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Kvarta yfir gagnslausu amfetamíni

**HEILBRIGÐISMÁL** Sex kvartanir hafa borist Lyfjastofnun á síðustu tveimur mánuðum vegna amfetamíns sem framleitt er hér á landi og er sagt ekki virka. Lyfjaframleiðandinn er Pharmarctica á Grenivík.

Amfetamínið er gefið sjúklingum sem glíma við þunglyndi, slen og drómasýki. Einnig fá langt leiddir fíklar það uppáskrifað til að forðast efni af götunni. Það er lítill hópur eldri karla sem fyrst og fremst fær lyfið ávísað hér á landi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er tiltölulega stutt síðan Pharmarctica tók við framleiðslunni, en áður hafði hún verið í höndum annarra lyfjaframleiðenda. Strax og lyfið fór í framleiðslu hjá fyrirtækinu fór kvörtunum að rigna inn frá sjúklingum sem allir segja að lyfið hafi engin áhrif.

Sigríður Ólafsdóttir, sviðsstjóri eftirlitssviðs hjá Lyfjastofnun, staðfestir að stofnunin hafi kallað eftir niðurstöðum gæðamælinga á lyfinu en ekkert í þeim bendi til þess að lyfið sé gallað. Þrátt fyrir það hafi Lyfjastofnun farið fram á að gerðar verði gæðamælingar á sýnum sem farið hafi á markað. Niðurstöður liggja fyrir innan tíðar.

Sigurbjörn Þór Jakobsson, framkvæmdastjóri Pharmarctica, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. – snæ

**» 6 tilkynningar hafa borist um gagnsleysi efnisins í nóvember og desember**

# TF-GNÁ til skoðunar



**Viðhald** Ein þriggja þyrlna Landhelgisgæslunnar, TF Gná, er nú kyrrsett í fjórar til sex vikur á meðan reglubundin skoðun fer fram á henni. Skoðun á þyrlum Landhelgisgæslunnar fer jafnan fram á 500 flugtíma fresti. Skoðunin er að mestu leyti fyrirbyggjandi viðhald og skipti á varahlutum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Alvarleg slys á sömu slóðum

**SLYS** Kona sem slasaðist alvarlega á Hrútafjarðarhálsi á sunnudaginn síðastliðinn er vöknuð og er ástand hennar stöðugt.

Nokkur alvarleg umferðaslys hafa orðið á svæðinu síðastliðin ár. „Þau eru misjafnlega alvarleg. Það er ekki alfarið veginum að kenna en hins vegar er hann ekki nógu góður enda dældóttur. Þá liggur vegurinn í mishæðóttu landslagi,“ segir Páll Björnsson. „Það að bæta úr veginum er á forræði Vegagerðarinnar og verður hún að leggja mat á það hvort svo verði gert.“

Í svari frá Vegagerðinni segir að tvö banaslys hafi orðið á Hrútafjarðarhálsi frá aldamótum en ekki á sama stað. Síðasta sumar hafi verið gerð úttekt á umferðaröryggi milli Hrútafjarðar og Blönduóss. Á næstu árum verði svo unnið að lagfæringum á umhverfi vegarins en framvinda mun ráðast af fjárveitingum. – ngy




# Ásakanir um óheilindi ganga á víxl í Eyjum

**Fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks í framkvæmdaráði Vestmannaeyja vilja að fulltrúi Eyjalistans bendi á dæmi um meint óheilindi starfsmanna bæjarins eða biðjist afsökunar ella. Hann sakar þá á móti um ósannindi um upplýsingagjöf.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Ótrúlega illa staðið að þessu öllu saman og að mínu mati alls ekki í samræmi við starfsreglur,“ segir í bókun sem Georg Eiður Arnarson, fulltrúi Eyjalistans, lagði fram í framkvæmda- og hafnarráði Vestmannaeyja þegar ráðning nýs slökkviliðsstjóra var kynnt þar á miðvikudaginn.

Friðrik Páll Arnfinnsson eldvarnaeftirlitsmaður var ráðinn sem slökkviliðsstjóri. Skipulagi var samhliða breytt til fyrra horfs þannig að starfssvið eldvarnaeftirlitsmanns var sameinað hlutverki slökkviliðsstjóra.

„Að mínu mati hefði átt að bjóða varaslökkviliðsstjóra stöðuna, enda starfað yfir 40 ár í slökkviliðinu og hafði svo sannarlega áhuga á starfinu. Að öðru leyti hefði átt að auglýsa stöðuna, en þar sem fyrir liggur ráðning á Friðriki Páli Arnfinnssyni, þá vil ég fyrir hönd okkar á Eyjalistanum óska honum til hamingju með starfið og óska honum alls hins besta í framtíðinni,“ segir í bókun Georgs Eiðs.

„Ef fulltrúi E-listans er ósáttur við þá verkferla sem unnið er eftir af starfsmönnum Vestmannaeyjabæjar er honum bent á að fara rétta leið til þess að ná fram breytingum á þeim verkferlum, frekar en að ráðast að starfsmönnum bæjarfélagsins í pólitískum tilgangi,“ bókuðu fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks í framkvæmdaráðinu.

Þá gagnrýndu sjálfstæðismennirnir einnig Eið Georg harðlega í sérstakri bókun undir liðnum „Verklag og siðareglur kjörinna fulltrúa í framkvæmda- og hafnarráði“. Sögðu þeir hann hafa veist ómaklega að starfsmönnum bæjarins með ummælum sem krefjist frekari skýringar. Þá var farið yfir meðferð tillagna sem Georg Eiður hefur sett fram í ráðinu.



**Ráðning slökkviliðsstjóra í Vestmannaeyjum án auglýsingar er gagnrýnd af fulltrúa minnihluta í bæjarstjórn.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Ég harma það að bæði framkvæmdastjóri, formaður og varaformaður framkvæmda- og hafnarráðs hafi farið með ósannindi.**
>
> Georg Eiður Arnarson, fulltrúi Eyjalistans í framkvæmdaráði Vestmannaeyja



„Fulltrúinn hefur haft mörg orð um „hirð“ bæjarstjórans og að hans stefna sé að koma einhverjum úr hirðinni inn í allar stjórnir og allar stofnanir á vegum bæjarins,“ segir í bókuninni. Elliði Vignisson er bæjarstjóri. „Að halda því fram að fulltrúar í ráðum og nefndum á vegum bæjarins beri ekki hagsmuni bæjarbúa fyrir brjósti, heldur gangi þar erinda eins manns eru alvarlegar ásakanir sem fulltrúi E-listans verður að skýra betur og benda á dæmi um.“ Að öðrum kosti eigi Georg Eiður að biðjast afsökunar.

„Ég harma það að bæði framkvæmdastjóri, formaður og varaformaður framkvæmda- og hafnarráðs hafi farið með ósannindi varðandi upplýsingagjöf til handa fulltrúum Eyjalistans í framkvæmda- og hafnarráði er varðar ráðningu slökkviliðsstjóra,“ segir í svarbókun Georgs Eiðs Arnarsonar.

gar@frettabladid.is




## LAUGARDAGINN 9. JANÚAR KL. 12-16 HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM TOYOTA Á ÍSLANDI

Komdu á frumsýningu á nýjum og glæsilegum **RAV4** sem markar straumhvörf enda fæst hann núna í hybrid-útfærslu í fyrsta sinn. Auk þess er ekkert lát á vinsældum **Land Cruiser 150 Adventure** og **Yaris Trend** – sérútgáfum sem bjóðast áfram í takmarkaðan tíma. Njóttu þess að skoða þessa tímamótasýningu hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota um helgina.

## VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM*

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

*Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Skilmálar eldsneytisútboðs gengu gegn stefnu N1 um þjónustu

**VIÐSKIPTI** Ástæða þess að olíufélagið N1 tók ekki þátt í útboði Landssambands smábátaeigenda (LS) og Sjávarkaupa í árslok með verulegt magn eldsneytis var sú að skilmálar útboðsins um viðskipti við hluta smábátasjómanna samræmdust ekki stefnu fyrirtækisins.

Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1, skýrir málið í svari við skriflegri fyrirspurn Fréttablaðsins, sem barst ekki í tíma fyrir birtingu á umfjöllun blaðsins í gær. Þar sagði frá tveimur útboðum, sem Sjávarkaup annaðist, á um 27.000 tonnum af eldsneyti til töluverðs fjölda smærri útgerða og smábátasjómanna.

**Það var mat N1 að skilmálar umrædds útboðs [...] samræmdust ekki þessari stefnu félagsins**



Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1

Olís tók ekki þátt í útboðunum, en Skeljungur tryggði sér viðskiptin í báðum tilfellum. N1 sat hjá í útboði LS.

Eggert skrifar: „N1 heldur úti víðtækri þjónustu við mikinn fjölda smábátasjómanna um land allt. Stefna N1 í þessum viðskiptum hefur verið að bjóða smábátasjómönnum afsláttarkjör sem taka mið af umfangi viðskipta og aðstæðum hvers og eins viðskiptavinar, s.s. mismunandi dreifingarkostnaði og umsetningu í hverri höfn. Það var mat N1 að skilmálar umrædds útboðs um viðskipti hluta smábátasjómanna, þar sem m.a. var ekki tekið tillit til umfangs og aðstæðna hvers og eins viðskiptavinar og jafnframt kveðið á um greiðslu þóknunar til þriðja aðila fyrir milligöngu viðskipta, samræmdust ekki þessari stefnu félagsins.“

Hann bætir við að N1 „mun eftir sem áður kappkosta að bjóða viðskiptavinum sínum í hópi smábátasjómanna samkeppnishæf og sanngjörn viðskiptakjör, að teknu tilliti til raunkostnaðar við innkaup og dreifingu eldsneytis hverju sinni.“ **– shá**

# Fullyrti að rannsókn hefði farið fram

## Karl Steinar Valsson hundsaði um árabil ásakanir á hendur starfsmanni hjá fíkniefnadeild lögreglu. Mál hans voru aldrei rannsökuð.

**LÖGREGLA** Karl Steinar Valsson, sem gegndi stöðu yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglu frá 2007 til 2014, var endurtekið upplýstur um grunsemdir í garð vel tengds lögreglufulltrúa hjá deildinni. Málið er annað tveggja sem verið hefur til umfjöllunar í fjölmiðlum. Í hinu málinu var lögreglumaður hjá fíkniefnadeild í gæsluvarðhaldi frá því fyrir áramót og þangað til í gær. Sá sem hér er til umfjöllunar hefur verið hærra settur innan lögreglu.

Ásakanirnar þrálátu á hendur lögreglufulltrúanum voru aldrei rannsakaðar af ríkissaksóknara. Þangað ber að vísa slíkum málum vakni grunur um brot í starfi. Engu að síður tilkynnti Karl Steinar samstarfsmönnum mannsins að ásakanirnar hefðu verið rannsakaðar. Maðurinn er enn við störf hjá lögreglu og hefur aldrei verið vikið frá störfum.

Ásakanirnar voru það alvarlegar að samstarfsmenn töldu annað ómögulegt en að málin yrðu tekin til formlegrar rannsóknar. Ekki hefur komið til þess. Hann hefur hins vegar endurtekið verið færður á milli deilda undanfarna mánuði, fólki til mikillar furðu. Þeir telja ótækt, þegar upp koma slíkar ásakanir á hendur mönnum, að slíkt sé ekki rannsakað til að komast að hinu rétta.

Karl Steinar lét af embætti yfirmanns fíkniefnadeildar í febrúar 2014 eftir sjö ára starf. Í tíð hans bárust endurtekið ábendingar, bæði frá samstarfsmönnum sem og almenningi, þess efnis að umræddur lögreglufulltrúi væri í samstarfi við glæpamenn.

Í eitt skiptið þar sem ásakanirnar höfðu verið sérstaklega háværar fullyrti Karl Steinar við fjölmennan hóp undirmanna sinna og samstarfsmanna lögreglufulltrúans að rannsókn hefði farið fram á ásökununum. Þær væru ekki á rökum reistar. Menn ættu ekki að ræða málið frekar.

Fréttablaðið hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því að engin formleg rannsókn hafi farið fram þrátt fyrir fullyrðingar Karls Steinars.

**» Lögreglufulltrúinn var þrisvar sinnum færður til í starfi árið 2015 en aldrei vikið frá störfum.**

Hvers lags rannsókn það var sem Karl Steinar upplýsti undirmenn sína um að fram hefði farið vegna ásakananna er ómögulegt að segja. Samstarf Karls Steinars við lögreglufulltrúann mun hafa verið afar náið og þeir náð sérstaklega vel saman. Karl Steinar vildi ekki tjá sig um málið í gær.

Fyrrnefndur lögreglufulltrúi gegndi á sama tíma yfirmannsstöðu hjá upplýsinga- og fíkniefnadeild lögreglu. Fyrirkomulagið þykir gagnrýnivert og þekkist ekki í nágrannalöndum. Sami maður á aldrei að hafa yfirsýn yfir uppljóstrara, sem í mörgum tilfellum tengjast fíkniefnamálum, og um leið stýra rannsóknum í fíkniefnamálum.

Um mitt síðasta ár ofbauð samstarfsmönnum lögreglufulltrúans. Gengu sumir svo langt að hóta því að segja upp yrði ekkert gert. Var hann þá færður til starfa í deild sem er ótengd fíkniefnamálum.

Eftir nokkra mánuði í því starfi var hann svo færður í deild sem sér um símhlustanir en starfsmenn í þeirri deild hafa aðgang að upplýsingum um hvaða meintu afbrotamenn verið er að hlera hverju sinni. Í mörgum tilfellum er um aðila að ræða sem fíkniefnadeild hefur til rannsóknar.

Samstarfsmönnunum var brugðið og þótti ákvörðunin um þá tilfærslu óskiljanleg. Nýlega, eftir umfjöllun Vísis um málefni lögreglufulltrúans og einstaka stöðu hans sem yfirmanns í deildunum tveimur, var lögreglufulltrúinn svo enn á ný færður til og er nú við störf hjá tæknideild lögreglu. **kolbeinntumi@365.is**



Karl Steinar Valsson gegnir nú stöðu tengifulltrúa Íslands hjá Europol.FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR






# Gjaldþrot ekki verið færri frá 2006

**EFNAHAGSMÁL** Gjaldþrot hafa ekki verið færri frá árinu 2006 sé miðað við fyrstu ellefu mánuði ársins. 564 fyrirtæki voru lýst gjaldþrota á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2015. Flest voru gjaldþrotin eftir hrunið árið 2011 þegar þau voru 1.442 frá janúar og út nóvember. Gjaldþrotum hefur því fækkað um 60 prósent á fjórum árum.

Gjaldþrot voru um 500-600 á árunum 2003-2007 en fjölgaði verulega eftir hrunið.

Flest hafa gjaldþrotin verið í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð frá hruni eða 22,1 prósent allra gjaldþrota á árunum 2008-2014. Næst koma gjaldþrot í flokknum heild- og smásöluverslun og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum þar sem 18,5 prósent gjaldþrota áttu sér stað. Gjaldþrot félaga í fasteignaviðskiptum námu 10,9 prósentum allra gjaldþrota og hluti gjaldþrota fyrirtækja í fjármála- og vátryggingastarfsemi var 8,2 prósent. **– ih**

**Gjaldþrot fyrstu 11 mánuði ársins 2008-2015**



# 20% AFSLÁTTUR

# AF ÖLLUM RAFTÆKJUM Í HAGKAUP ÚT JANÚAR

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Helmingur sendiherra í ráðuneytinu

**Af 39 starfandi sendiherrum í íslensku utanríkisþjónustunni mæta 19 til vinnu á Íslandi. Fjórir nýir sendiherrar voru tilnefndir um áramótin.**

**STJÓRNSÝSLA** Nærri helmingur starfandi sendiherra í íslensku utanríkisþjónustunni hefur aðsetur hér á landi.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist ekki vera í nokkrum vafa um að hægt sé að hagræða í utanríkisþjónustu Íslendinga til að ná fram sparnaði í málaflokknum.

„Við vorum með fastmótaðar tillögur um utanríkismálin í hagræðingarhópnum og lögðum til sparnað á því sviði eins og öðrum. Við ættum einnig að leggja meiri áherslu á samskipti okkar við Bandaríkjamenn sem eru eina stórveldið í heiminum í dag. Þar liggja mestu hagsmunir okkar Íslendinga,“ segir Guðlaugur Þór. „Til dæmis erum við nú að opna sendiskrifstofu í Strasbourg sem við höfðum áður lokað svo það er verið að bæta í.“

„Ýmis verkefni ráðuneytisins eru þess eðlis að gagnlegt er að sendiherra sé í forsvari fyrir þau,“ segir Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins. „Má sem dæmi nefna Eystrasaltsráðið og Norðurslóðir. Samkvæmt forsetaúrskurði um sendiráð, fastanefndir og sendiráðsskrifstofur fer ráðuneytið sjálft með fyrirsvar gagnvart nokkrum ríkjum og getur þá skipað sendiherra gagnvart þeim með búsetu í Reykjavík eða eftir því sem ástæða er til. Svo er rétt að hafa í huga að á hverjum tíma er hluti flutningsskyldra starfsmanna, sendiherrar og aðrir, við störf í ráðuneytinu á meðan hluti þeirra er við störf erlendis.“

Um áramótin skipaði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra fjóra nýja sendiherra sem allir eru starfandi í utanríkisráðuneytinu. Skrifstofustjóri rekstrar ráðuneytisins, mannauðsstjóri ráðuneytisins, sendiráðunautur uppbyggingarsjóðs EES og starfsmaður utanríkisþjónustunnar voru skipuð sendiherrar.

Af þeim þrjátíu og níu sendiherrum sem starfandi eru í íslensku utanríkisþjónustunni eru aðeins tólf konur eða þrjár af hverjum tíu. Sjötíu prósent sendiherra eru karlar. Þó hefur Gunnar Bragi verið duglegur á síðustu misserum að skipa konur í embætti sendiherra.

sveinn@frettabladid.is

> **Svo er rétt að hafa í huga að á hverjum tíma er hluti flutningsskyldra starfsmanna, sendiherrar og aðrir, við störf í ráðuneytinu á meðan hluti þeirra er við störf erlendis.**



Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins

> **Til dæmis erum við nú að opna sendiskrifstofu í Strasbourg sem við höfum áður lokað svo það er verið að bæta í.**



Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

## Mikill viðbúnaður í París



Í gær var ár liðið frá árásinni á ritstjórnarskrifstofur tímaritsins Charlie Hebdo og mikill viðbúnaður í borginni. Í gærmorgun skaut lögreglan vopnaðan mann til bana þegar hann reyndi að komast inn á lögreglustöð í 18. hverfi borgarinnar. Hann var klæddur einhverju sem líktist sprengjuvesti. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Skar sig en send heim með svefnlyf

**HEILBRIGÐISMÁL** Dóttir Valdísar Óskar Valsdóttur var send heim með svefnlyf af Barna- og unglingageðdeild í gær þegar þær leituðu þangað vegna sjálfsskaðandi hegðunar hennar. Valdís sagði sögu tólf ára dóttur sinnar í Fréttablaðinu á þriðjudag en hún reyndi sjálfsvíg fyrir einu og hálfu ári.

Í kjölfar viðtalsins hafði Barnavernd samband við Valdísi og sagði henni að hjólin væru farin að snúast í máli dóttur hennar. Það tæki tvær til sex vikur fyrir umsóknir þeirra að fara í gegnum kerfið. Dóttir hennar hefur ekki hitt geðlækni og ekki notið sálfræðihjálpar.

„Svo kemst ég að því í morgun að hún var búin að skera sig. Ég fer með hana á barnaspítalann. Læknir þar beinir okkur áfram á BUGL. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að það sé best að koma svefninum í lag þannig að ég er send heim með svefntöflur.“

Valdís segir að þegar hún hafi brugðist illa við hafi þeim verið bent á að sækja um neyðarvistun á Stuðlum. „En dóttir mín er ekki í vímuefnum. Hún er svo hvatvís að hún kæmi út helmingi fróðari um allt sem hún gæti gert.“ Hún segir að þegar hún hafi svo rætt við barnavernd í Reykjanesbæ hafi henni verið ráðlagt frá því að leita til Stuðla.



Valdís Ósk Valsdóttir segist ekki vita hvers vegna dóttur hennar líði illa. Hún gæti hafa orðið fyrir áfalli sem Valdís viti ekki af en henni reynist erfitt að fá hana til að opna sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Dóttir mín er ekki í vímuefnum. Hún er svo hvatvís að hún kæmi út helmingi fróðari um allt sem hún gæti gert.**

Valdís segist ekki vita hvers vegna dóttur sinni líði svona illa. Hún þurfi sérfræðiaðstoð því hún sé mjög lokuð og erfitt reynist að ná til hennar. Valdís viti ekki hvort dóttir sín hafi orðið fyrir áfalli en gruni að þannig gæti verið í pottinn búið. – snæ

# Fjölgun í Hveragerði

**SVEITARFÉLÖG** „Fjórtán Hvergerðingar eru komnir yfir nírætt og munu fimm bætast í þann hóp á árinu 2016 ef Guð lofar,“ segir í frétt sem Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri skrifar á vef Hveragerðisbæjar.

„Elst Hvergerðinga er Guðbjörg Runólfsdóttir en hún er 99 ára og 163 dögum betur,“ bætir bæjarstjórinn við og segir að samkvæmt óstaðfestum upplýsingum úr þjóðskrá 1. janúar síðastliðinn séu íbúar í Hveragerði 2.462 en að þeir hafi verið 2.387 fyrir 12 mánuðum. Þannig hafi íbúum fjölgað um 75 eða 3,14 prósent.

„Árgangur 1989 er fjölmennastur í bænum en þau eru 44 talsins. Árið 2015 fæddust 33 börn sem öll hafa verið boðin velkomin með gjöf frá bæjarfélaginu sínu,“ segir í frétt bæjarstjórans. – gar

> **Árið 2015 fæddust 33 börn sem öll hafa verið boðin velkomin með gjöf frá bæjarfélaginu sínu**



Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri



Fleiri duftgrafir voru teknar í fyrra en árið á undan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fleiri kjósa bálfarir

**SAMFÉLAG** Alls voru 1.086 grafir teknar á nýliðnu ári hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma. Það er í Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesbæ. Kistugrafir voru 621 en duftgrafir 465 talsins. Þetta þýðir að 57 prósent allra grafa á Íslandi voru kistugrafir og 43 prósent duftgrafir. Fjölgaði duftgröfum um tvö prósent frá fyrra ári. Á síðasta ári fóru 629 bálfarir fram í bálstofunni í Fossvogi og er það 30 prósent af heildartölu látinna á Íslandi það ár. – jhh

# ÚTSALA Á PLASTBOXUM

## 20-25% AFSLÁTTUR AF MÚRBÚÐARVERÐI

## Enn meira úrval!



301 með hjólum **150** lítra 71x52x44cm ~~3.990~~ **3.192**



G 002 með hjólum **52** lítra 58x42x34 cm ~~2.149~~ **1.719**
G 003 með hjólum **28** lítra 49x36x28 cm ~~1.279~~ **1.023**



G 8855 **42** lítra 53x37x31cm ~~1.790~~ **1.343**




5807 **52** lítra ~~1.971~~ **1.577**
5808 **72** lítra ~~2.559~~ **2.047**



G 7805 **23** lítra 50x33,5x27cm ~~1.370~~ **1.028**



G 801 **18** lítra 43x28x23,5 cm ~~865~~ **692**
G 802 **11** lítra 35,5x24x20,5 cm ~~637~~ **510**
G 803 **6** lítra 28,5x20x18,5 cm ~~484~~ **387**
G 804 **2,5** lítra 23x16x14 cm ~~370~~ **296**
G 805 **23** lítra 50x33,5x27 cm ~~1.373~~ **1.099**

**4 litir**
**3 stærðir**



5005 **3,5** lítra ~~489~~ **391**
5006 **7,5** lítra ~~785~~ **628**
5007 **15** lítra ~~995~~ **746**

**3 litir**
Grænt, bleikt, blátt



m/hjólum+loki **90** lítra ~~2.658~~ **2.126**



G B003 með hjólum **28** lítra 49x36x28 cm ~~1.470~~ **1.162**



5055 28x18,5x14,4 cm ~~489~~ **391**
5056 41x29x15 cm ~~884~~ **707**
5057 41x29x25,5 cm ~~983~~ **786**



G 8858 með hjólum **35** lítra 80x39,5x16 cm ~~1.990~~ **1.592**




m/loki
**60** lítra ~~2.590~~ **1.943**

**13** lítra ~~440~~ **352**

m/loki **20** lítra ~~983~~ **786**

* Ath. 1,2% lækkun v/Vsk og 20-25% útsölu afsláttur

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**















Kauphöllum var lokað tvisvar sinnum í vikunni í Kína eftir að hlutabréf hríðféllu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Óværð á mörkuðum fyrstu viku ársins

**Kauphöllum í Kína var lokað tvisvar í vikunni og lækkuðu hlutabréf um allan heim. Íslenskt efnahagslíf er ekki ónæmt fyrir ástandi heimsmála að mati Stefáns Brodda Guðjónssonar, en aðrir þættir eins og olíuverð hafi áhrif.**

**6,9%** lækkun vísitölu Kauphallarinnar í Sjanghæ á mánudaginn

**7%** lækkun á hlutabréfamörkuðum í Kína á fimmtudaginn

**1,24%** lækkun á íslensku úrvalsvísitölunni í gær

**2%** lækkun á hlutabréfamörkuðum í Evrópu í gær

**VIÐSKIPTI** Miklar sveiflur hafa átt sér stað á hlutabréfamörkuðum heimsins þessa fyrstu viðskiptaviku ársins. Kauphallir í Kína lokuðu tvisvar sinnum, í síðara skipti eftir innan við hálftíma af viðskiptum þar sem hlutabréf höfðu fallið um sjö prósent.

Eftir lokun kauphallanna á mánudaginn féllu hlutabréf víðs vegar um heiminn í verði, verst voru áhrifin í Þýskalandi þar sem þau féllu um 3,8 prósent. Rólegra var á þriðjudaginn og miðvikudaginn en eftir að mörkuðum í Kína var lokað aftur í gær lækkuðu evrópsk hlutabréf um tvö prósent.

Hlutabréfagengi erlendis fór að hafa áhrif á íslenskum markaði í gær. Íslenska úrvalsvísitalan OMXI8 lækkaði um 1,24 prósent í gær. Rauður dagur var í Kauphöllinni þar sem meirihluti skráðra fyrirtækja lækkaði í verði. Hlutabréf í Marel lækkuðu mest eða um 2,18 prósent í 464 milljóna króna viðskiptum.

„Íslenskt efnahagslíf og fyrirtæki eru ekki ónæm fyrir ástandi heimsmála. Minni eftirspurn í einu landi hefur áhrif á útflutning og þar með eftirspurn í öðru landi. Að lokum koma áhrifin fram í tekjum og afkomu félaga á Íslandi eins og í öðrum opnum hagkerfum. Íslenski hlutabréfamarkaðurinn endurspeglar samt ekki nema að hluta til efnahagslíf í hinum stóra heimi. Íslenskir fjárfestar fylgjast að sjálfsögðu með erlendum mörkuðum því sem er að gerast á erlendum mörkuðum og ég á von á að þeir flestir taki tillit til erlendrar þróunar og breytinga á innbyrðis verðlagningu íslenskra og erlendra félaga,“ segir Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka.

Hann segir þó aðra þætti hafa áhrif, t.d. lækkun eldsneytisverðs, vaxtaþróun, innflæði í sjóði, horfur um ríkisskuldir, verðbólgu og fjölda ferðamanna. „Þegar allt er dregið saman hafa fjárfestar á íslenska hlutabréfamarkaðinum greinilega komist að þeirri niðurstöðu á fyrstu dögum nýs árs að hér hafi aðstæður ekki versnað,“ segir Stefán Broddi.

**saeunn@frettabladid.is**

# SA spá góðum efnahag á árinu 2016

**VIÐSKIPTI** Kaupmáttur ráðstöfunartekna er meiri en árið 2007 og hefur því aldrei verið meiri. Launastig á Íslandi var hvað lægst meðal Norðurlanda árið 2010 en er nú það annað hæsta. Hrein erlend staða þjóðarbúsins hefur aldrei verið betri eftir uppgjör þrotabúanna og fer skuldastaða heimilanna og fyrirtækja batnandi.

Þetta var meðal þess sem kom fram í máli Þorsteins Víglundssonar, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, á fundi SA í gær.

Á fundinum gerði Þorsteinn grein fyrir atvinnulífinu á nýju ári. Hann sagði að árið muni einkennast af kröftugum vexti á nær öllum sviðum atvinnulífsins, hraður taktur sé í einkaneyslu á Íslandi og mikil kaupmáttaraukning hafi átt sér stað með tilheyrandi þenslueinkennum í hagkerfinu. Munurinn frá árunum 2007 til 2008 sé þó sá að undirstöður hagkerfisins séu mun heilbrigðari.

„Vöxturinn hefur að mjög verulegu leyti grundvallast á auknum útflutningi og útflutningstekjum og fjárhagsleg staða bæði fyrirtækja og heimila er orðin miklu sterkari en þá var og er að þróast með mun hagstæðari hætti, fólk er að halda áfram að greiða niður skuldir,“ segir Þorsteinn.

Atvinnulífið stendur þó áfram frammi fyrir áskorunum, verðbólga hefur haldist lág vegna hagstæðra ytri skilyrða og styrkingar krónu en miklar launahækkanir eru farnar að segja til sín. SA spáir því einnig að til langs tíma muni öldrun þjóðarinnar kosta ríkissjóð aukalega 2-3 prósent af landsframleiðslu. **– sg**



**Þorsteinn Víglundsson segir undirstöður hagkerfisins mun heilbrigðari nú en fyrir hrun.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# STYRKTU ÞIG Í STARFI

**VILTU LÆRA MEIRA, BREYTA TIL EÐA EFLA ÞIG Í EIGIN ATVINNUREKSTRI?**



## TAKTU SKREFIÐ 2016

- KERFIS- OG NETSTJÓRNUN
- DIPLÓMANÁM Í FORRITUN
- BÓKHALDS- OG SKRIFSTOFUFÆRNI
- VIÐSKIPTA- OG MARKAÐSNÁM
- GRAFÍK OG MARGMIÐLUN
- ALMENN TÖLVUFÆRNI

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

**www.ntv.is**

ntv

Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ



# Viljum að starfið sé hafið yfir allan vafa

**Ríkislögreglustjóri segir spillingarmál innan lögreglunnar sjaldgæf. Hann vill setja upp sérstakt eftirlit með störfum lögreglu og segir samskiptavanda lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hugsanlega hafa að gera með að Sigríður Björk situr í karllægu embætti.**

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



Ég er búinn að vera ríkislögreglustjóri í átján ár. Á ferlinum hef ég ekki upplifað mörg spillingarmál. Það eru örfá mál þar sem lögreglumenn hafa misst tök á sjálfum sér. Þau mál hafa yfirleitt komið upp vegna innra eftirlits. Það eru engir lögreglustjórar sem líða það að spilling líðist innan síns embættis," segir Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri.

Í síðustu viku var reyndur lögreglumaður færður í gæsluvarðhald vegna gruns um að hafa brotið alvarlega af sér í starfi. Hann hefur starfað hjá fíkniefnadeild lögreglunnar í yfir áratug. Haraldur segir slík mál afar sjaldgæf.

„Í það heila má segja að lögreglumenn séu eins og íslenska þjóðin, heiðarlegt fólk. Ef það koma upp mál þar sem lögreglumenn hafa farið út af sporinu þá líður lögreglan mest fyrir það. Ég held ég geti talað fyrir alla lögreglumenn í landinu, lögreglan sjálf vill að öll hennar starfsemi sé algörlega yfir allan vafa hafin í þeim efnum. Það hafa komið upp á síðustu kannski 10 árum örfá mál. Það eru undantekningar."

*Eru ekki fleiri mál sem komast ekki upp á yfirborðið einmitt vegna skorts á innra eftirliti?* „Þetta er eðlileg spurning. Hvort lögreglan sé svo gegnsýrð af spillingu og þess vegna komist þau ekki upp. Nei, það er alls ekki svo. Það sem ég vil segja í þessu máli, sem þið ræðið um hér, er að við skulum varast að nota orð eins og spillingarmál, mútumál og því um líkt. Við skulum fyrst anda með nefinu og sjá hvað rannsókn mála leiðir í ljós áður en við förum að gefa okkur niðurstöður. Það ber að fara mjög varlega. Hins vegar þá leiðir þetta hugann að því hvaða varnagla við getum sett, hið opinbera, varðandi starfsemi lögreglu."

## Sérstakt eftirlit með lögreglu

Haraldur segir fyrirkomulagið núna vera að lögreglustjórarnir sjálfir, níu talsins, hafi eftirlit með sinni starfsemi. ,,Síðan er innan hvers lögregluliðs óformlegt innra eftirlit með starfseminni. Svo eru ríkisstofnanir sem fylgjast með, Umboðsmaður Alþingis, kærunefnd jafnréttismála, dómstólarnir, ráðuneytin, ríkissaksóknari og Alþingi. Þetta eru þeir sem eiga, geta og mega hafa eftirlit með störfum lögreglu. Það sem maður hlýtur samt að velta fyrir sér er hvort það sé hægt að fara eitthvað lengra með þessa hugsun," útskýrir Haraldur.

Hann segist vel geta hugsað sér að útfæra þetta eftirlitshlutverk í stærra mengi. „Ég er að tala um sérstakan aðila sem hefði beinlínis þetta hlutverk, að fylgjast með því að lögreglan væri að starfa með réttum hætti, hvort hún sé að fara rétt með upplýsingar og málaskráakerfi. Ef þetta fyrirkomulag væri uppi myndi það auka traust á starfsemi lögreglunnar. Þá er ekki svo auðvelt að búa til mýtur um að lögreglan sé ekki að gera eitthvað sem hún ætti að vera gera."

*Er breytinga að vænta í þessum málum?* ,,Ég held að það sé alveg tímabært að taka umræðuna, velta þessu fyrir sér af fullri alvöru. Það kallar á lagabreytingar sem þyrftu að koma frá Alþingi."

Píratar hafa lagt fram þingsályktun um þetta tiltekna mál. „Lögreglan hefur tekið þessari hugmynd opnum örmum og kallað eftir því."

## Taldi byssurnar vera gjöf

Mikið hefur verið rætt um vopnavæðingu íslensku lögreglunnar. „Í grunninn er íslenska lögreglan óvopnuð og vill hafa það þannig. Flestir íslenskir lögreglumenn vilja vera óvopnaðir við störf sín og þegar ég tala um vopn þá er ég að tala um byssur. Lögreglumenn eru með ákveðin vopn í dag, kylfu og meisbrúsa en þarna erum við að tala um byssur. Það sem við höfum verið að benda á er að það þurfi að endurnýja þau vopn sem lögreglan á fyrir. Lögreglan á ógrynni af skotvopnum. Sá búnaður er úreltur, ónýtur og nýtist ekki. Þess vegna töldum við á sínum tíma að það væri ágætt að þiggja gjöf frá Norðmönnum. Sem við töldum gjöf en síðar kom í ljós að Norðmenn töldu að væri eitthvað annað," segir hann.

> **Maður hefði kannski átt að hafa varann á þegar Norðmenn eiga í hlut!**

Haraldur vísar í mál sem vakti töluverða athygli árið 2014 þegar sagt var frá því að íslenska lögreglan hefði fengið 150 hríðskotabyssur að gjöf frá Norðmönnum. Fljótlega kom í ljós að byssurnar voru ekki gjöf heldur átti að greiða fyrir þær.

## Skotvopn lögreglu úrelt

„Mér voru boð borin um að hér hefði verið einhver yfirhershöfðingi Norðmanna staddur á Keflavíkurflugvelli. Hann heitir Harald Sunde og hafði gefið þá yfirlýsingu á Keflavíkurflugvelli að hann gæti gefið íslenskum lögregluyfirvöldum vopn. Síðan var spurt hvort við myndum þiggja þetta og svarið var já, okkur skildist að þetta væri okkur að kostnaðarlausu. Enda er það yfirleitt þannig að ef þú gefur einhverjum eitthvað þá þarf hann ekki að borga fyrir það, en maður hefði kannski átt að hafa varann á þegar Norðmenn eiga í hlut!" útskýrir hann.

„Svona byrjaði þetta. Svo vindur þetta upp á sig og endar með því að við skilum vopnunum. Vopnaburður, vopnakaup eða gjafir eru ekkert leyndarmál. En þetta mál var orðið að miklu fjölmiðlafári. Ég var kallaður fyrir Alþingi þar sem ég lýsti því hvernig þetta bar að, sagði frá því að þessi vopn hefðu verið gjöf frá Norðmönnum. Ég stóð og stend enn í þeirri trú að svo hafi verið. Eftir að ég hafði verið í þinginu þennan dag fór ég í viðtal þar sem ég ræddi um þessa gjöf í góðri trú. Þá hafði forstjóri Landhelgigæslunnar samband við mig og sagði mér frá því að það lægi fyrir samningur milli LHG og norskra yfirvalda um þessi vopn. Það kom mér mikið ➡

# VILTU KOMAST Á EM Í HANDBOLTA MEÐ ÓB.IS?

Taktu þátt í einföldum leik á ób.is. Þann 13. janúar drögum við út tvo heppna þátttakendur sem vinna ferð á fyrstu tvo leiki Íslendinga í Póllandi.*









**2x** ferð á EM í Póllandi

**50x** gulllyklar sem gefa 20 kr. afslátt í 10 skipti

**15 kr.** afsláttur í eitt skipti fyrir alla lykilhafa sem giska rétt

*Innifalið er flug með Icelandair fram og til baka, gisting í tvær nætur, morgunverður, ferðir til og frá flugvelli, ferðir til og frá leikvangi og miðar á 4 leiki sem fara fram dagana 15. janúar og 17. janúar (þar af 2 fyrstu leiki Íslands, við Noreg og Hvíta-Rússland). Nánari upplýsingar á Icelandair.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 156194

## Halli hippi: Blómabarn með hár niður á mitti

Haraldur er menntaður lögfræðingur, sem starfaði meðfram námi sem lögreglumaður. Þaðan hélt hann í Florida State University, þar sem hann lagði stund á framhaldsnám í afbrotafræðum. „Þar starfaði ég í hálft ár hjá lögreglunni í Tallahassee, hjá Melvin Tucker lögreglustjóra. Það var ótrúleg reynsla. Þar fékk ég að starfa með morðdeildinni, fíkniefna- og kynferðisbrotadeildinni. Ég sá mjög margt þar sem við sjáum ekki hér. Það má segja að ég hafi séð mjög margt í lífinu sem almennur borgari sér aldrei. Það er viðloðandi lögreglustörfin. Lögreglan sér og upplifir alls konar hluti – jákvæða, en líka neikvæðar, erfiðar, dökkar, sorglegar hliðar samfélagsins. Og þetta situr dálítið í lögreglumönnum hugsa ég, og þeim sem vinna við þetta árum og áratugum saman. Það mótar menn."

Haraldur gekk í Menntaskólann í Reykjavík. *Þar varstu kallaður Halli hippi?*

„Ég hugsa að það hafi ýmsir kallað mig það, ekki síst kennararnir. Ég var með sítt hár að sjálfsögðu, ég var svona blómabarn," segir hann og hlær. Hann segir það ekki hafa verið auðvelt skref að klippa hárið af enda hafi það náð niður fyrir beltisstað. „Það var ákveðin samkeppni hjá ungum mönnum þá um hver gæti náð að vera með lengsta hárið. Ég held ég hafi verið svona 18-19 ára þegar hárið var klippt, en það var klippt í skrefum, því sársaukinn var svo yfirþyrmandi. Svo endaði með því að ég sótti um í lögreglunni í Reykjavík sem þá var og talaði við Sigurjón Sigurðsson, þáverandi lögreglustjóra, og hann sagði við mig: „Haraldur, þú verður að klippa það. Þá sá ég það að ég gat fengið sumarstarf ef ég klippti mig."

*Fórnaðir þú hárinu fyrir lögregluna?*

„Já. Ég hef fórnað ýmsu fyrir þetta starf, það verður að segjast eins og er," segir hann hlæjandi. „Ég verð þeirri stund fegnastur þegar ég get byrjað að safna aftur. Um leið og ég hætti."

**Ódæll unglingur**

Hann segir það ekki hafa legið beinast við að hann yrði lögreglumaður og reyndar hafi það komið mörgum á óvart. „Ég var blómabarn og það var uppreisnarandi í mér. Foreldrar mínir og umhverfi fundu svolítið fyrir því. Ég var svona frekar ódæll," segir hann. „Engum datt í hug og síst af öllum mér að ég yrði lögfræðingur, yrði fangelsismálastjóri, varalögreglustjóri í Reykjavík og ríkislögreglustjóri.

Ég hef heyrt af sumum skólafélögum sem hafa annaðhvort tekið um höfuðið í undrun eða örvæntingu og hlegið upphátt að þessum ferli mínum. Örlaganornirnar hafa verið í sérkennilegu ástandi þegar þær ákváðu mína lífsbraut."

Í MR kynntist hann eiginkonu sinni, Brynhildi. „Hún var 16 ára og ég var 18 ára og við eignuðumst dreng þegar við vorum í MR. Það var ekkert auðvelt fyrir okkur á þessum árum, að fara í gegnum þau mál á þeim árum, ýmsir sneru upp á sig og fitjuðu upp á nefið, en það er það besta sem hefur komið fyrir mig. Mín kjölfesta."

Ung tóku þau á sig mikla ábyrgð. „Ég segi ekki að það hafi verið dans á rósum en lífið gjörbreyttist, við urðum að axla ábyrgð mjög ung, sem er eitt það albesta sem hefur komið fyrir mig því uppreisnarandinn hefði kannski tekið völdin algjörlega. Hver veit?"

**Dró sig út úr kastljósi fjölmiðla**

„Ef ég er alveg ærlegur – það var tímabil í mínu starfi, sem ríkislögreglustjóri og líka sem fangelsismálastjóri á tímabili, þar sem voru nokkuð hatrammar ágjafir og persónulegar. Mér þótti það óþægilegt að krakkarnir voru farnir að taka eftir þessu. Ég hugsaði með mér, get ég eitthvað gert til þess að hlífa þeim við þessu? Ég fann að þeim leið ekki alltaf vel undir þessum árásum á pabba sinn og ákvað að draga mig aðeins til hlés úr kastljósi fjölmiðlanna sem ég gerði og hef gert. Kannski hefur fólk tekið eftir því. En nú eru þau orðin það stálpuð og fullorðin og mér finnst ég ekki verða fyrir sömu neikvæðu árásunum og á þeim tíma."

*Gekk mikið á?*

„Já, við vorum í að rannsaka svokölluð Baugsmál og það var hvasst svolítið, hvassar og persónulegar árásir. Ég deyfði fjölmiðlana dálítið. Fyrir einhvern í þessu starfi þá geturðu ekkert lokað þig af frá fjölmiðlum alveg, það gengur ekki. Þú þarft að vinna með þeim og þeir eiga rétt á að ég vinni með þeim, en ég reyndi að gera þetta með þessum hætti, stíga aðeins til hliðar."

Haraldur segir það eftirminnilegasta frá starfsferlinum vera það hversu hratt hann hafi liðið.

*Ætlarðu að gegna þessu starfi áfram?*

„Í gríni sagt hef ég alltaf svarað, ég verð örugglega hættur 1. júlí."

*Næstkomandi?*

„Já, þá kemur sú spurning. Ekki endilega. Ég segi 1. júlí því starfsmannalögin um opinbera starfsmenn segja að þegar þú hafir náð sjötugsaldri getirðu hætt um næstu mánaðamót, og ég er fæddur 25. júní. Það getur vel verið að ég hætti fyrr, en það er 2024."

➡ á óvart. Ég hefði kosið að vita það fyrirfram, áður en ég fór að tala um gjöf. Það breytir myndinni."

*Hvaðan fékkst þú upplýsingar um að þetta væri gjöf?* „Jón Bjartmars, yfirlögregluþjónn hjá RLS sem hafði verið í sambandi við yfirvöld í Noregi, sagði mér að þetta hefði verið með þessum hætti sem ég er að lýsa. Hann miðlaði þeim upplýsingum sem hann hafði til mín."

Haraldur segist hafa viljað þiggja byssurnar því að skotvopn lögreglunnar hafi verið orðin úrelt.

„Þótt við hefðum keypt þessar byssur fyrir það verð sem þeir settu upp og síðar kom í ljós, þá er það algjört hrakvirði fyrir það sem þeir buðu. Við hefðum þarna getað endurnýjað vopn lögreglunnar fyrir nánast enga fjárhæð. Ef við ættum að festa kaup á slíkum vopnum í dag þá kostar það ríkissjóð tugi milljóna. Ég hef bent á að það sé full þörf á að endurnýja búnaðinn en kostnaðurinn er svo mikill að ég efast um að það verði gert. Hins vegar á lögreglan skammbyssur sem hafa verið geymdar á lögreglustöðvum. Sumir lögreglustjórar hafa tekið þá ákvörðun að vopnin séu færð í lögreglubíla. Þetta eru nokkrir lögreglubílar á landinu."

**Sérsveitin kemur að fleiri málum**

Hann segir þó sömu reglur gilda um vopnin og áður. Hvert tilvik sé metið og leyfi yfirmanns þurfi til þess að nota vopnið. „Þetta þýðir að í stað þess að þessi vopn séu læst inni á stöð þá eru þau læst inni í bílum sem eru á hreyfingu um umdæmið."

Haraldur segir ljóst að upp séu að koma erfiðari mál en áður og sérsveitin þurfi oftar að veita aðstoð. „Ég held að almenningur viti ekki að það hefur færst mjög í aukana að sérsveit RLS vinnur með lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í mjög erfiðum útköllum. Sérsveitin var til dæmis núna um jól og áramót í mjög mörgum erfiðum útköllum þar sem þurfti að taka á mönnum með hnífa."

**Með áætlanir verði hryðjuverk**

*Á undanförnum árum hefur verkefnum lögreglu fjölgað og þau breyst, meðal annars með tilkomu netglæpa og fjölgun ferðamanna hér á landi. Erum við tilbúin til að takast á við þetta?* „Stutta svarið er tæplega," segir hann. „Netglæpir eru eitt mesta vandamál lögreglu að fást við í dag. Vegna þess að þeir flæða yfir allt, þeir tengjast skipulagðri glæpastarfsemi, hryðjuverkjum, barnaníðingum, fíkniefnasölu, vopnasölu, netið tengist öllum þessum afbrotum meira og minna, og þetta er allt undir yfirborðinu. Þetta er peningaþvætti, sem ég nefni sérstaklega. Íslenska lögreglan verður að undirbúa einingu til að fást við þessi mál. Við erum því miður langt á eftir í þessum efnum."

*Er raunveruleg hryðjuverkaógn á Íslandi?*

„Ég átta mig á því að fyrir Íslendinga þá er það mjög fjarlægt. Sumir gera grín að þessu og finnst löggan fara yfir strikið. Auðvitað þekkjum við þessa umræðu. En það er hlutverk lögreglunnar að benda á hluti sem gætu farið betur og að vera undirbúin. Ísland getur ekki tekið sig út fyrir sviga í heiminum og sagt að við séum í svo friðelskandi umhverfi að hér geti aldrei neitt gerst."

Hann segir að hluti af starfi sínu sé að vera tilbúinn með áætlun verði hryðjuverkaárásir gerðar hér.

„Auðvitað vonast allir til þess að það gerist ekkert slíkt á Íslandi. Ég held samt að það væri ábyrgðarlaust af lögregluyfirvöldum að útiloka þann möguleika."

*En erum við í stakk búin til þess að fást við það ef slíkt kæmi upp?* „Tæplega, satt best að segja. Hvaða land er það í raun og veru? Voru Norðmenn í stakk búnir, Bretar, Frakkar? Við höfum útbúið áætlanir í þessum efnum, t.d. út af skotárásum í skólum eins og við höfum séð víða erlendis. Við erum með viðbragðsáætlanir út af mörgum atburðum."

Hann segir flesta sammála um að efla þurfi löggæslu með fjárveitingum. Fjölga þurfi lögreglumönnum. Sjálfboðaliðar líkt og björgunarsveitir séu í auknum mæli farnir að sinna störfum sem ættu að vera í höndum lögreglu.

*Hvað finnst þér um þá þróun?* „Ég held að björgunarsveitirnar séu hugsi yfir því eins og lögreglan. Ég ber mikla virðingu fyrir störfum björgunarsveitanna og samstarfið hefur verið gott. Kannski eru þær að vinna störf sem eru fullnærri verkefnum lögreglunnar, eru kannski oft komnar í óþægilega stöðu í samskiptum sínum við verkefnin eða borgarana," segir hann. „Lögregla styðst mikið við björgunarsveitirnar í verkefnum sem lögreglan ætti að sinna. Mannskapurinn er ekki fyrir hendi hjá lögreglunni oft á tíðum. Svo eru björgunarsveitirnar ákaflega bóngóðar og segja aldrei nei."

**Vill fækka lögreglustjórum**

Stærsta umdæmi íslensku lögreglunnar er höfuðborgarsvæðið. Sigríður Björk Guðjónsdóttir er þar lögreglustjóri. Nokkuð hefur verið fjallað um samskiptavanda innan yfirstjórnar lögreglunnar. Vinnusálfræðingur vinnur nú að því að uppræta vandann.

„Þegar við heyrum að það séu vandamál út af samskiptum yfirmanna þá er það ekkert nýtt. Það eru margir yfirmenn og stundum er áskorun að fá lögregluna til þess að vinna eins og einn maður. Við erum með níu lögreglustjóra í dag, þið getið ímyndað ykkur hvernig þetta var fyrir nokkrum árum, þegar við vorum með 27 lögreglustjóra, sem jafnframt voru sýslumenn og tollstjórar," útskýrir Haraldur.

„Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að fækka umdæmunum, þannig að verði fjórir til sex lögreglustjórar og ríkislögreglustjóri. Það geta verið skiptar skoðanir innan hvers lögregluliðs og lögreglunnar í heild sinni. Um hvaða aðferðum á að beita, hvert á að stefna og þar fram eftir götunum. Nýi lögreglustjórinn hefur sett sér markmið, t.d. að leggja áherslu á kynferðisbrotamálin og heimilisofbeldið. Þegar þú ferð inn í embætti, sem er fastmótað, eins og lögreglustjóraembættið á höfuðborgarsvæðinu og ert með ákveðnar áherslur og markmið og sýn, þá getur það valdið óróleika," segir Haraldur og bætir við að hann þekki Sigríði vel. Hún hafi verið aðstoðarríkislögreglustjóri undir sér, sýslumaður á Ísafirði og lögreglustjóri á Suðurnesjum.

**Karlaveldi innan lögreglunnar**

„Við erum að tala um reynslubolta. Ég held að sumum finnist hún fara bratt í breytingar og þá mætti segja, hverju skilar það að fara hægt í breytingar? Sumar breytingar eru þannig að það þarf að fara í þær hratt og örugglega. Aðrar taka tíma. Það vita það allir að ég hef verið bakhjarl og stuðningsmaður Sigríðar. Ég þekki hana persónulega, hvernig hún vinnur. Hún er metnaðarfull fyrir hönd lögreglunnar. Það verður alltaf einhver togstreita á fjölmennum vinnustað. Það má ekki gleyma því," segir Haraldur. „Sigríður Björk er líka fyrsti lögreglustjórinn sem er kona í karllægu starfsumhverfi embættisins. Ég er ekki að segja að það hafi áhrif varðandi togstreituna, ég get ekki fullyrt um það – en ég get ímyndað mér það."

*Það hefur verið sagt að lögreglan sé karllægur vinnustaður. Er þetta að breytast?* „Ég tók upp samstarf með HÍ til að rannsaka málið. Ég talaði við margar lögreglukonur sem höfðu lýst áhyggjum sínum. Mér fannst ekki spurning að fara í þetta. Upplýsa hver staða þessara mála væri. Í framhaldinu var rannsókn Finnborgar Salóme birt," útskýrir Haraldur. Í rannsókninni kom fram að um þriðjungur lögreglukvenna taldi sig þolanda kynferðislegrar áreitni í lögreglunni.

„Síðan höfum við unnið í jafnréttisáætlun. Hjá ríkislögreglustjóra er jafnréttisfulltrúi sem hefur beinlínis það hlutverk að fylgjast með jafnréttismálum. Það er ekki bara að karl og kona sem vinna hliðstæð störf séu með sömu laun. Það er líka að bæði kyn geti notið hæfni sinnar og hæfileika og fengið framgang eftir því. Lögreglukonur kvörtuðu undan því að svo væri ekki. Fyrir mig er ekkert annað hægt en að stíga inn í það og reyna að breyta því."

**visir.is** Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu á Vísi, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.



Haraldur segir Sigríði Björk sitja í karllægu embætti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# ÚTSALA

## SPARIÐ ALLT AÐ*

# 70%

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

# Skemmd epli



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Lögreglan er í eldlínunni. Minnst einn fíkniefnalögreglumaður er grunaður um að hafa átt í óeðlilegum samskiptum við aðila í fíkniefnaheiminum og þegið greiðslur fyrir að koma þeim til aðstoðar. Sá sat í gæsluvarðhaldi í tíu daga. Ríkissaksóknari hefur mál mannsins til skoðunar.

Annar var færður til í starfi eftir þrálátan orðróm um að hann læki upplýsingum til aðila sem væru til rannsóknar en sá gegndi yfirmannsstöðu hjá upplýsingadeild og fíkniefnadeild. Það mál var ekki sent til ríkissaksóknara heldur með þessari tilfærslu innan lögreglunnar leyst innanhúss. Vísir hefur undanfarnar vikur fjallað um mál mannsins með umfangsmiklum hætti.

Allir skulu taldir saklausir uns sekt þeirra er sönnuð og það á ekki síður við um lögreglumenn en aðra. Málin velta engu að síður upp stórum spurningum, sem ítrekað hafa verið settar fram, án þess að við þeim hafi verið brugðist.

Í samtali við Vísi sagði Kim Kliver, yfirlögregluþjónn hjá dönsku lögreglunni, að komi mál sem þessi upp þar sé það afar skýrt að sjálfstæð og óháð deild taki þau til skoðunar. „Ef einhver sakar lögreglumann um refsivert athæfi eða leka innan lögreglu þá tekur óháður saksóknari málið til skoðunar. Lögregla rannsakar aldrei ásakanir á sjálfa sig,“ sagði Kliver.

Allir yfirmenn lögreglu, ríkissaksóknari og innanríkisráðherra eru sammála um þörf fyrir sérstakan vettvang, nefnd eða hvað það yrði sem myndi taka á málum sem þessum. Ekki gangi að láta lögregluna rannsaka sig sjálfa. Á þetta hefur oft verið bent en ekkert verið gert.

Nú hefur hins vegar orðið hreyfing á málinu. Í nóvember skilaði nefnd, sem innanríkisráðherra skipaði, skýrslu um meðferð kærumála gagnvart lögreglu. Í henni er lagt til að ráðherra skipi eftirlitsnefnd með störfum lögreglu sem hafi það verkefni að taka við erindum frá borgurunum. Mörgum finnst þessi tillaga ekki ganga nægilega langt.

Krafan er sú að eftirlitið verði virkara og að frumkvæði þeirra sem það hafa með höndum. Koma þurfi á föt sjálfstæðri stofnun. „Það er svo mikilvægt að fyrirbyggja þessa hluti og að lögreglumenn viti að þeir séu ekki einu varðmennirnir, heldur séu líka aðrir varðmenn að fylgjast með varðmönnunum,“ sagði Helgi á forsíðu Fréttablaðsins á miðvikudag.

Lögreglumenn eru mannlegir. Þeir eru gallaðir og þeir gera mistök. Rétt eins og allir aðrir almennir borgarar þessa lands. Þorri lögreglumanna er strangheiðarlegur og þorri landsmanna er það líka. En meðal þeirra eru skemmd epli eins og í öllum eplakörfum. Virkara og betra eftirlit verður að vera til staðar.

Þar að auki er til önnur lausn á þessum vanda. Hún er sú að leggja niður vopn í stríðinu gegn fíkniefnum. Þar sem fíkniefni eru ólögleg, hvar sem er í heiminum, skipta ævintýralega háar fjárhæðir um hendur í undirheimunum. Og alls staðar hafa einstakir lögreglumenn freistast til að fá skerf af þeirri köku. Engin sannfærandi rök eru fyrir því að svo sé ekki hér á landi öfugt við alla aðra staði.

**Krafan er sú að eftirlitið verði virkara og að frumkvæði þeirra sem það hafa með höndum.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Sendiherrar í eigin landi**

**Í blaðinu í dag kemur fram að um helmingur sendiherra Íslands er staðsettur í utanríkisráðuneytinu, en ekki erlendis. Samkvæmt launatöflu kjararáðs eru laun sendiherra tæplega 750 þúsund krónur. Í lok árs skipaði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra skrifstofustjóra rekstrar ráðuneytisins, mannauðsstjóra ráðuneytisins, sendiráðunaut uppbyggingarsjóðs EES og starfsmann utanríkisþjónustunnar sem sendiherra, en þeir eru allir staðsettir hér á landi.**

**Fyrrverandi þingmaður VG, Árni Þór Sigurðsson, er sendiherra Norðurslóða. Hvað svo sem það þýðir. Spurning hvort ekki verði hægt að bjóða flóttamönnum sem væntanlegir eru til landsins sendiherrastarf. Tilefnið virðist ekki þurfa að vera mikið.**

**Erindreki hafsins**

**Í gær var svo tilkynnt að Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, muni hefja störf þann 1. apríl næstkomandi í utanríkisráðuneytinu sem sérstakur erindreki hafsins. Hans verkefni er að sinna alþjóðlegu samstarfi um málefni hafsins og samræma verkefni ráðuneytanna sem snúa að hafinu.**

**Það myndi auðvelda Jóhanni vinnuna sína erlendis ef hann fengi líka titilinn sendiherra. Það væri ekki amalegt að hafa titilinn sendiherra hafsins og vera þar með sá sendiherra sem hefði stærstu lögsögu allra sendiherra í heiminum.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Gömul og ný brot



Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Ofbeldi í nánum samböndum, heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi eru mannréttindabrot sem brjóta gegn grundvallarfrelsi einstaklinga.

Á síðasta ári tók ég ákvörðun um að auka aðstoð við þolendur ofbeldis með því að veita geðsviði Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri framlag til að fjármagna nýjar stöður sálfræðinga sem veita þolendum eldri brota ráðgjöf og meðferð.

Við mótun verkefnisins var byggt á áratuga reynslu Neyðarmóttökunnar, en hún aðstoðar þolendur nýlegra brota. Til hennar leita árlega um 130 einstaklingar vegna kynferðisofbeldis. Konur eru 97% brotaþola og um 78% þeirra eru 25 ára eða yngri. Öllum sem leita til Neyðarmóttökunnar er boðin sálfræðiþjónusta. Í fyrstu viðtölunum er lögð áhersla á áfallahjálp og sálrænan stuðning ásamt því að meta afleiðingar ofbeldisins. Ef áfallastreituröskun greinist er boðið upp á sérhæfða, áfallamiðaða, hugræna atferlismeðferð. Þeir sem ekki þurfa formlega meðferð fá stuðning eftir þörfum í anda einstaklingsmiðaðrar þjónustu. Brottfall úr þjónustu er hátt og er það í samræmi við erlendar rannsóknir og reynslu annarra af þjónustu við þolendur kynferðisofbeldis. Erlendis hefur meðferð í gegnum netið verið reynd til að draga úr brottfalli og hefur komið í ljós góður árangur, ekki hvað síst gagnvart ungum þolendum. Þessi leið gæti einnig verið áhugaverð til að auðvelda aðgengi að þjónustu um allt land, óháð búsetu.

Frá því að sjúkrahúsin tvö á Akureyri og í Reykjavík fengu aukið framlag hafa þau unnið að því að byggja upp góða meðferð fyrir þolendur eldri brota. Þegar hafa tugir einstaklinga notið þjónustu þeirra. Áskoranir eru margvíslegar enda þyngd mála mikil og áfallasaga oft flókin, jafnvel þannig að einstaklingarnir hafa búið við alvarlegt ofbeldi til fjölda ára eða orðið fyrir mörgum sjálfstæðum áföllum. Brotaþolar fást oft við líkamleg veikindi samhliða geðrænum vandamálum og hafa lifað lengi með afleiðingum ofbeldisins án meðferðar. Þarna kemur líka í ljós að brottfall úr meðferð er hátt, enda er eitt af einkennum áfallastreituröskunar að forðast allt sem minnir á áfallið. Að mínu mati er þörfin fyrir ofangreint verkefni skýr. Búið er að tryggja áframhaldandi fjármögnun þess á nýju ári.

**Öllum sem leita til Neyðarmóttökunnar er boðin sálfræðiþjónusta.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Hneykslun er val

Í DAG



Bergur Ebbi

Ég fékk áhuga á hafnabolta á síðasta ári. Á nokkrum mánuðum sökkti ég mér ofan í íþróttina. Það sem ég gerði hefði ekki verið hægt fyrir tíma internetsins. Fyrir utan það að horfa á leiki í beinni útsendingu þá drakk ég í mig fróðleik og alls konar tölfræði. Ég horfði á gamla leiki í heild sinni á YouTube tímunum saman. Ég setti mig meira að segja inn í gömul hneykslismál. Pete Rose og Cincinnati Reds veðmálahneykslið frá 1989 eða þegar lukkudýrið hjá Pittsburgh Pirates, páfagaukur, viðurkenndi fyrir rétti (eða öllu heldur maðurinn inni í búningnum) að hafa selt leikmönnum kókaín. Ég hef í dag sett mig svo kirfilega inn í hafnabolta að ég get byrjað að vera með stæla við aðra. Það fer til dæmis í taugarnar á mér að horfa á leiki með fólki sem skilur ekki leikreglurnar. Sá sem veit ekki hvað „sacrifice fly“ er, á til dæmis að mínu mati ekkert að vera að horfa á hafnabolta. Þetta er fáránlegt í ljósi þess að ég vissi ekki einu sinni hvernig maður skorar stig í hafnabolta fyrir ári.

Hafnabolti er heill heimur, fullur af sérkennilegum siðum og venjum sem enginn skilur lengur. Það er til dæmis bannað að fagna – nema í lok leiks þegar menn gefa kempulegar fimmur. Í leiknum sjálfum, til dæmis eftir home-run, þurfa menn að skokka í gegnum allar hafnirnar með raunalegan hetjusvip. Þannig er það bara. Ef menn fagna eftir home-run þýðir það að þeir fá kast í sig í næsta leik, 150 gramma leðurhúðaðan korkmassa á 150 kílómetra hraða beint í síðuna. Það er víst mjög óþægilegt. En það er líka bannað að kvarta. Það er margt skrítið í hafnabolta og það tekur tíma að venjast því.

**Þrjú þúsund hrákar**

Eitt af því sem ég var lengi að venjast í hafnaboltaáhorfi er sá undarlegi siður leikmanna og þjálfara að hrækja í tíma og ótíma. Þessi hræking er ekkert í líkingu við önnur íþróttaskyrp, til dæmis í fótbolta. Venjulegur hafnaboltaleikmaður spýr frá sér hráka á nokkurra sekúndna millibili, þetta eru svona 10 til 20 slummur á mínútu. Það þýðir að í venjulegri sjónvarpsútsendingu af hafnaboltaleik, sem er oft þrjár til fjórar klukkustundir að lengd, er ekki ólíklegt að áhorfandinn verði vitni að um þrjú þúsund hrákum. Þetta eru reyndar yfirleitt hálf rakalausar slummur, yfirleitt eins konar sprey, oft fylgja þessu hnetuskurnir því annar skrítinn siður hafnaboltamanna er að éta sólblómafræ í tíma og ótíma. Áður var vinsælt að tyggja tóbak en svo er líka algengt að vera með túlann fullan af tyggjói og allt eykur þetta tíðni skyrpinganna.

Hér kem ég að röksemdinni minni. Mér finnst það að hrækja vera ósiður. Ég var alinn upp við það að maður ætti aldrei að hrækja, ekki einu sinni ofan í vaskinn. Einu undantekningarnar voru klósett og bara ef maður var með mikla hálsbólgu. Svona er þetta skrítið hvernig maður getur ekki flúið uppeldi sitt. Þessir 3.000-hráka hafnaboltaleikir voru þess vegna töluvert álag fyrir mig. Ég var síhneykslaður, í stöðugri hneykslunaryfirkeyrslu sem smám saman breyttist í almennan doða fyrir hrákunum. Það má segja að hafnabolti hafi hrækt á mig. Þannig upplifði ég það allavega.

**Val, frelsi, úff!**

En lítum nú á málið í stærra samhengi. Það neyddi mig enginn til að horfa á hafnabolta. Hafnabolta er líka sama hvort ég er hneykslaður eða ekki. Uppsafnað áhorf á leiki í bandarísku atvinnumannadeildinni er rúmur milljarður. Þeim milljarði er alveg sama þótt einhver auli, sem vissi ekki einu sinni hvað hafnabolti var fyrir ári síðan, sé hneykslaður yfir því að leikmenn hræki. Þetta var mitt val og mín ákvörðun. Ég. Val. Frelsi. Úff. Ég fæ smá ógeðstilfinningu fyrir að ryðja þessum orðum fram. En sættum okkur við það. Internetið hefur veitt okkur ómælt frelsi. Frelsi til að velja hvað við viljum að gleðji okkur, hvað við viljum að fræði okkur og hvað við viljum að hneyksli okkur og það er mikil eftirspurn eftir því síðastnefnda. Um hvað eru annars sumar fréttir? Einn valdalaus einstaklingur er hneykslaður á því að annar valdalaus einstaklingur er hneykslaður á Eurovision? Og svo hneykslast fólk á því að einhver hneykslist á því. Og svo koma gæjar eins og ég og hneykslast á því að allir séu að hneykslast svona mikið. Þetta er endalaust.

Skilaboð mín eru þessi: Hneykslun er val. Ég get tekið íþrótt eins og hafnabolta, með allri sinni 150 ára sögu og merkingu, og afgreitt hana sem drasl vegna þess að leikmennirnir hrækja. Það er mitt val. Við lifum á tímum þar sem póst-módernismi hefur verið iðnvæddur, þar sem meirihluti þess sem fyrir augu ber er slitið úr samhengi, troðið inn í nýjan söguþráð og allt gerist þetta í rauntíma þar sem fólk af holdi og blóði tekur þátt í gegnum samfélagsmiðla. Oft er þetta gert til að láta fólk hlæja eða gleðjast en einnig til að hrífa og hneyksla. Og það er allt í lagi. En áttum okkur á því að meginþorri allrar þessarar hneykslunar hefur enga siðferðislega vigt. Þetta er oftast dægradvöl. Þetta er synd því máttur hneykslunar getur verið mikill og stundum má alveg hneykslast vel og lengi. Til dæmis þegar við fáum fregnir af því að alþjóðlegt stórfyrirtæki sem starfar á Íslandi flytji milljarða úr landi án þess að greiða af þeim skatt. Hráki eða skattsvik? Hneykslun er val.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Skilaboð mín eru þessi: Hneykslun er val. Ég get tekið íþrótt eins og hafnabolta, með allri sinni 150 ára sögu og merkingu, og afgreitt hana sem drasl vegna þess að leikmennirnir hrækja. Það er mitt val.**


60 ÁRA 2016

REYKJAFELL



60 ár að baki og við horfum til framtíðar

Reykjafell · Skipholti 35 · Sími 588 6000 reykjafell.is

Í tilefni þess að Reykjafell er 60 ára langar okkur að bjóða þér á rafmagnaða fyrirlestradaga á Hótel Hilton

Ekki láta þig vanta á þessa frábæru viðburði dagana 13. til 15. janúar á Hótel Hilton þar sem erlendir sérfræðingar á sviði lýsingar, raflagna og iðnstýringa flytja ýmis fróðleg erindi. Fyrirlestrarnir fara fram á ensku.

Húsið opnar kl. 8.30 alla dagana með ljúffengum morgunverði áður en fyrirlestrarnir byrja.

» Skráning og ítarleg dagskrá á reykjafell.is/fyrirlestrar

Takmarkað framboð af sætum

MIÐVIKUDAGUR 13. JAN, KL. 9.00 - 11.00
**Frágangur eldvarna í raflögnum**
Frank Massallek og Jan Wagner frá Spelsberg deila með gestum þekkingu sinni og áratuga reynslu í áhugaverðum fyrirlestri um hönnun og uppsetningu eldvarna í byggingum og jarðgöngum.

FIMMTUDAGUR 14. JAN, KL. 13.00 - 15.00
**Lýsing frá öllum hliðum**
Dr. Amrita Prased frá Zumtobel fer ofan í kjölinn á áhrifum lýsingar á líðan fólks og Graeme Shaw starfsbróðir hennar fjallar um ljósastýringar og tæknilegar áskoranir LED lýsingar.

FIMMTUDAGUR 14. JAN, KL. 9.00 - 11.00
**Form töfluskápar og aflrofar**
Farið verður yfir uppbyggingu og hönnun á Form 1-4 Modul töfluskápunum frá Logstrup. Í framhaldi verður rætt um loft- og aflrofa og heildarlausnir í töflusmíði með Logstrup og Eaton.

FÖSTUDAGUR 15. JAN, KL. 9.00 - 11.00
**Öryggi véla og vélbúnaðar**
Bjarne Erichs frá Pilz kynnir regluverk og staðla öryggisbúnaðar. Hann fer einnig yfir CE merkingar, ferla og áhættumat ásamt því að kynna EN ISO 13849-1 staðalinn.

LÝSING AFLDREIFING RAFLAGNIR IÐNSTÝRINGAR

# Lágkúruleg grimmd



Jónas Sigurgeirsson
fyrrverandi bankamaður

Lágkúran sem Ríkissjónvarpið bauð upp á þegar hljóðupptaka með Sigurði Einarssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Kaupþings, var leikin undir sprelli í áramótaskaupinu gefur tilefni til að staldra við og hugleiða á hvaða vegferð við erum í uppgjöri okkar við fall einkabankanna haustið 2008.

Nú um áramót hafði Sérstakur saksóknari sent samtals 50 mál tengd falli bankanna í ákærumeðferð. Enn eru um sex mál til rannsóknar. Þegar hefur verið ákært í 28 málum og því bíða önnur 28 mál ákærumeðferðar. Telji einhver að nú fari að sjá fyrir endann á svokölluðum hrunmálum fyrir dómstólum er það rangt, við erum rétt að byrja – um tvö mál af hverjum þremur eru eftir.

Þegar hafa 17 bankamenn hlotið fangelsisdóma vegna starfa sinna en út frá þeim málum, sem eiga eftir að fara fyrir dómstóla, má ætla að yfir 40 bankamenn muni hljóta fangelsisdóma. Líklegt er að síðustu dómarnir falli árin 2019-2020 og síðustu afplánunum ljúki árið 2024, en þá verða 15-16 ár liðin frá falli bankanna.

Hinir dæmdu eru, utan einnar konu, fjölskyldumenn, karlmenn sem flestir eru fæddir á árunum 1966 til 1976. Margir þeirra voru afburðanámsmenn og sammerkt er með þeim öllum að þeir voru með hreina sakaskrá þegar meint brot voru framin, flest sömu dagana haustið 2008. Að því best er vitað hafa þeir heldur ekki brotið af sér þau átta ár sem eru liðin frá hruni.

### Bankastjórar bankanna dæmdir

Bankastjórar allra viðskiptabankanna (Kaupþings, Landsbanka, Glitnis, og MP banka) hafa verið dæmdir í fangelsi, að undanskildum Halldóri J. Kristjánssyni, bankastjóra Landsbankans og fyrrverandi ráðuneytisstjóra, sem hefur sloppið við allar ákærur.

Meðbankastjóri Halldórs, hinn margákærði Sigurjón Þ. Árnason, hlaut hins vegar nýverið fangelsisdóm í Hæstarétti fyrir að hafa í störfum sínum brotið ótilgreindar óskráðar reglur. Slíkt dómsorð á að vekja ugg á meðal réttsýnna manna enda sýnir sagan glögglega að fátt er um varnir þegar vilji er til að dæma fólk í fangelsi eftir óskráðum reglum.

Eftir átta ára rannsóknir fæst ekki séð að neinn grunur sé um að hinir ákærðu og dæmdu bankamenn hafi skotið undan fjármunum. Ákærurnar og dómarnir hafa flestir snúið að umboðssvikum. Það lagaákvæði, sem tekið er inn í íslensk lög úr dönskum lögum, er gamalt og hefur eftir bankahrunið verið túlkað með miklum mun rýmri hætti af íslenskum dómstólum heldur en þekkist í danskri réttarframkvæmd. Fullyrða danskir lögspekingar, meðal annars Erik Werlauff, sem er höfundur kennslubóka sem íslenskir laganemar lesa, að samskonar dómar yfir bankamönnum væru óhugsandi í Danmörku.

### Einstætt uppgjör á heimsvísu

Uppgjörið hér á landi við bankamennina er einstætt á heimsvísu. Engin önnur þjóð tók jafn hart eða jafn grimmilega á eftirmálum alþjóðlegu fjármálakreppunnar og Íslendingar. Dagskipunin hér var þessi: „Við reynum að hundelta þessa gaura [bankamennina],“ sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í útvarpsviðtali 8. apríl 2011 og eftir handtökur bankamanna sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á blaðamannafundi 7. maí 2010, að þær væru „stór liður í því að við getum náð sáttum í þessu samfélagi ...“

Í Danmörku, þar sem einkabankar féllu líka, hafa tveir bankastjórar hlotið smávægilega dóma. Fáeinir forsvarsmenn bresku bankanna, sem þurfti að bjarga með gríðarlegum tilkostnaði, fengu sektir og atvinnubönn. Í Bandaríkjunum hefur einkum sektum verið beitt, enda er almennt mat fræðimanna nú að ekki sé hægt að kenna einstaklingum um lánsfjárkreppuna, sem þó átti upptök sín þar í landi, heldur hafi verið um kerfislægan vanda að ræða.

**Engum ætti að koma á óvart að þessi hópur muni ekki sætta sig við þessa fangelsisdóma og meðferðina sem hann hefur fengið innan réttarkerfisins.**

### Skipulögð aðför?

Sammerkt er með þessum dæmdu einstaklingum, og eflaust þeim sem á eftir að dæma, að þeir telja sig ekkert rangt hafa gert í störfum sínum hjá bönkunum.

Engum ætti að koma á óvart að þessi hópur muni ekki sætta sig við þessa fangelsisdóma og meðferðina sem hann hefur fengið innan réttarkerfisins. Í raun hljóta þeir einnig, sem hópur, að komast að þeirri einu rökréttu niðurstöðu að þeir séu fórnarlömb skipulegrar aðfarar.

Ef til vill hefur stemningin í réttarkerfinu verið svipaðs eðlis og hjá spaugurum Ríkissjónvarpsins í Efstaleiti, enda „megum við ekki gleyma því að dómstólarnir eru sprottnir upp úr okkar eigin samfélagi og eiga að endurspegla viðhorf okkar til málefna líðandi stundar,“ eins og Símon Sigvaldason, formaður dómstólaráðs og héraðsdómari í Reykjavík, orðaði það nýlega í útvarpsviðtali. Þessi ummæli ættu að öllu jöfnu að hringja viðvörunarbjöllum en fanga í raun einkar vel þá stemningu sem hér hefur ríkt.





Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða háskólanema í grunn- og meistaranámi í sumarvinnu við rannsóknar- og þróunarverkefni.

- Styrkir verða veittir til rannsóknar- og þróunarverkefna sem líkleg þykja til að stuðla að nýsköpun og auknum tengslum háskóla, stofnana og fyrirtækja
- Umsóknir um styrki eru metnar með hliðsjón af möguleikum til hagnýtingar í atvinnulífi og nýnæmi fyrir þekkingu í viðkomandi fræðigrein
- Verkefnin skulu leyst af hendi með sjálfstæðri og faglegri vinnu námsmanns undir leiðsögn ábyrgðarmanna
- Styrkir eru ekki veittir til lokaverkefna námsmanna
- Úthlutun mun liggja fyrir í mars/apríl 2016

**Hverjir geta sótt um?**

- Háskólanemar í grunn- og meistaranámi
- Sérfræðingar innan fyrirtækja, stofnana og háskóla sem óska eftir að ráða háskólanema í sumarvinnu við rannsóknir

Umsóknir eru rafrænar og skal sækja um á www.rannis.is.
Þar er jafnframt að finna reglur og leiðbeiningar varðandi sjóðinn.
**Nánari upplýsingar veitir Ægir Þór Þórsson, aegir.thor.thorsson@rannis.is, sími 515 5819.**

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA
rannís www.rannis.is
HVÍTA HÚSIÐ grafísk hönnun


# Hvað segja eigendur Símans um skammarverðlaunin?



Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Um áramótin veitti Viðskiptablað Fréttablaðsins verðlaun fyrir viðskiptaafrek liðins árs og að sama skapi voru tilnefnd verstu viðskipti ársins.

Ríkisstjórnin fékk hin jákvæðu verðlaun fyrir samkomulag við kröfuhafa þrotabúa bankanna en Arion banki og Síminn ehf. skammarútnefningu fyrir sölu á hlutabréfum í Símanum þar sem bæði bankinn og Síminn féllu á siðgæðisprófi.

Hin fyrri verðlaun læt ég að sinni liggja á milli hluta að öðru leyti en því að áhöld þykja mér vera um það hvort ekki hefði verið nær að sæma hrægammana verðlaunum fyrir hagstæðustu viðskipti ársins fremur en ríkisstjórnina.

Það er hins vegar skammarútnefningin sem ég staðnæmist við. Í stað þess að Arion banki léti hlutabréf sín á opinn markað var byrjað á því, að hætti 2007, að heimila nákomnum og vildarvinum að komast yfir bréf á lægra verði en sýnt var að öðrum myndi bjóðast á markaði. Sú varð og raunin. Á opnum markaði var gengið orðið hærra og þar með virði bréfanna. Hinir nákomnu þurfa ekki lengi að sitja á feng sínum því fljótlega geta þeir selt á markaði og hagnast vel.

### Dæmafá óskammfeilni

Af Símans hálfu vakti athygli að stjórnendur þar á bæ voru í hópi kaupenda. Þar ber ekki síst að horfa til stjórnenda Mílu, sem á að vera fyrirtæki aðskilið Símanum þótt hann sé undir sömu regnhlíf. Með sölunni var Síminn hins vegar nú kominn að hluta til í persónulega eign stjórnenda Mílu! Þessu var að vísu snúið til baka enda dæmafá óskammfeilni. Eftir stendur að í fjárfestingahópi í kringum forstjóra Símans högnuðust menn persónulega á braskinu.

**En fram hjá ábyrgð stjórnenda Símans verður ekki litið og þar með eigenda hans. Lífeyrissjóðirnir eru langstærstu eigendur Símans og fara þar með vald sem lögbundinn sparnaðar launafólks hefur fært þeim í hendur.**

Fjármálaráðherra lýsti því opinberlega að hann teldi þessa sölu hafa verið „klúður“ og einn dómnefndarmaður Viðskiptablaðsins spurði „hvort hægt væri að klúðra málum meira“. Og bætti við, að „helstu leikendur virðast ætla að sleppa vel frá þessum ótrúlega gjörningi en líklega verður einhver skúringakonan rekin enda verður alltaf einhver að axla ábyrgð.“

Spurning er hvort hugtakið klúður sé ekki heldur kurteist hugtak yfir þetta ferli sem fyrst og fremst skrifast náttúrlega á Arion banka sem stjórnaði sölunni.

En fram hjá ábyrgð stjórnenda Símans verður ekki litið og þar með eigenda hans. Lífeyrissjóðirnir eru langstærstu eigendur Símans og fara þar með vald sem lögbundinn sparnaðar launafólks hefur fært þeim í hendur.

Ekki hef ég orðið var við að stjórn Símans hafi verið krafin sagna um þetta mál. Enda ekki skúringakona.

Hitt þykir mér sýnt að lífeyrissjóðirnir þurfa að taka upp gagnrýna umræðu um hvernig farið er með það vald sem eitt hundrað milljarða fjárfestingargeta á ári veitir.

Almennt tel ég að lífeyrissjóðirnir hafi farið vel með vald sitt. En er svo í öllum tilvikum? Þetta mál þyrfti að verða tilefni til gagnrýninnar umræðu um það hvort svo er. Þeir sem vilja lífeyrissjóðunum vel hljóta að verða hvatamenn að slíkri umræðu.



the PIER
3 FYRIR 2
AF PÚÐUM & KERTUM
GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
10–70% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
BERWYN STÓLL
áður 79.900,-
NÚ 55.930,-
ROYAL STÓLL
áður 99.900,-
NÚ 69.930,-
ADAHY STÓLL
áður 69.900,-
NÚ 48.930,-
MARINDA
áður 39.900,-
NÚ 27.930,-
JACQUARD
áður 79.900,-
NÚ 55.930,-
BEAUVAIS
áður 29.900,-
NÚ 20.930,-
DURBUY
áður 79.900,-
NÚ 55.930,-
JALILA
áður 39.900,-
NÚ 27.930,-
ACCENT STÓLL
áður 49.900,- NÚ 34.930,-
30% AFSLÁTTUR
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Framkonur hoppuðu upp um tvö sæti eftir sigur á Hlíðarenda



**Fram upp fyrir Val og Hauka og í þriðja sætið** Framkonan Sigurbjörg Jóhannsdóttir skorar hér eitt af sex mörkum sínum á móti Val í Valshöllinni á Hlíðarenda í gærkvöldi. Eva Björk Hlöðversdóttir hefur misst hana fram hjá sér og Vigdís Birna Þorsteinsdóttir er aðeins of sein. Framkonan Steinunn Björnsdóttir fylgist síðan með úr fjarlægð. Framkonur eru tveimur stigum á eftir toppliði Gróttu eftir þennan góða útisigur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Enginn kvartar undan álagi

**Árið 2016 verður annasamt hjá íslenska karlalandsliðinu og öllum sem því tengjast. Auk þess að spila á sínu fyrsta stórmóti er viðbúið að það muni spila metfjölda leikja á árinu. Það kostar mikla vinnu fyrir KSÍ.**

**FÓTBOLTI** Viðburðaríkt ár hjá íslenska karlalandsliðinu hefst með þremur æfingaleikjum í janúar en í gær var tilkynnt hvernig hóparnir eru að stærstum hluta skipaðir fyrir leikina tvo. Ekki er um alþjóðlega leikdaga að ræða og því er liðið aðeins skipað leikmönnum liða sem nú eru í fríi. Því koma leikmenn landsliðsins frá liðum á Norðurlöndunum, Rússlandi og Kína.

Heimir Hallgrímsson, annar landsliðsþjálfara Íslands, sat fyrir svörum á blaðamannafundi í gær og meðal þess sem hann ræddi var hversu annasamt ár er fram undan – það umsvifamesta í sögu íslenska karlalandsliðsins.

„Vinnan er þegar hafin og við verðum að gæta þess að einbeita okkur strax að því hvernig við viljum haga öllum okkar undirbúningi fyrir EM,“ sagði Heimir í samtali við Fréttablaðið eftir fundinn í gær. „En það má svo ekki heldur gleyma því að strax í haust taka við fjórir leikir í undankeppni HM 2018. Það er helmingur allra leikja í þeirri undankeppni. Við verðum að gæta þess að mæta ekki til leiks í haust eins og sprungnar blöðrur eftir EM.“

### Forsetaframbjóðandi á EM

Á fundinum í gær kom fram að 21 starfsmaður mun starfa í kringum íslenska liðið á EM í Frakklandi en á fundinum í gær var tilkynnt hverjir muni fylgja leikmönnunum 23 sem spila fyrir hönd þjóðarinnar á mótinu í sumar.

Heimir segir að íslenska starfsliðið sé helmingi fámennara en það sem fylgi öðrum þjóðum á mótinu. Það verði því meira álag á því en gengur og gerist. „Það virðist fylgja landsliðinu að allt það fólk sem velst til starfa í kringum það virðist vera duglegra en allir aðrir,“ segir þjálfarinn. „Í þessum ferðum vinna allir frá átta á morgnana til miðnættis og það kvartar enginn. Þannig verðum við að vinna í svona litlu sambandi eins og KSÍ.“

Meðal þeirra sem eru í teyminu er Þorgrímur Þráinsson sem er titlaður sem „sálfræðingur“ liðsins. Heimir segir að mikilvægi hans í hópnum sé meira en margir telja.

„Hann talar við strákana og er góður í því. Svo hefur hann mikla reynslu sjálfur sem leikmaður og er ávallt reiðubúinn að hoppa í öll störf hjá okkur,“ segir Heimir. Þorgrímur hefur ákveðið að bjóða sig fram í embætti forseta í sumar en kjörið fer fram 25. júní – þremur dögum eftir leik Íslands og Austurríkis í París.

„Við erum afar þakklát fyrir að hann vilji taka sér tíma fyrir íslenska landsliðið í öllu hans amstri,“ segir þjálfarinn.

### Ánægðir með andstæðingana

Auk æfingaleikjanna þriggja í janúar mun Ísland spila tvo leiki í mars og tvo í byrjun júní. Aðeins hefur verið tilkynnt að Ísland muni mæta Grikklandi ytra í lok mars en Heimir segir að það sé nánast frágengið hvaða liðum Ísland mætir þar fyrir utan.

„Það er nánast búið að negla þessa leiki niður en ótímabært að greina frá því hvaða lið þetta eru,“ segir Heimir, sem vill að Ísland mæti eins sterkum liðum í aðdraganda EM og kostur er.

„Það eru bara góð lið á EM og því viljum við helst mæta slíkum liðum. Við erum mjög ánægðir með þá möguleika sem eru í stöðunni,“ segir Heimir.

eirikur@frettabladid.is

## Vil vinna endalaust með Lars



Ummæli Heimis Hallgrímssonar í viðtali við Áramótablað Viðskiptablaðsins hafa vakið athygli. Þar sagði Heimir að hann væri ekki viss um að hann myndi læra meira af því að starfa með Lars Lagerbäck í tvö ár í viðbót. Heimir útskýrði ummæli sín á blaðamannafundinum í gær og gekkst við því að það hafi verið mistök að tala ekki skýrar.

„Ég ber mikla virðingu fyrir Lars og hef lært mikið af honum. Það hef ég margsagt. Hann er í raun einn af mínum bestu vinum í dag,“ útskýrði Heimir enn fremur. „Ég myndi vilja vinna endalaust með honum eins og staðan er í dag.“

Heimir minntist á það í viðtalinu að hann væri með samning þess efnis að hann tæki alfarið við sem landsliðsþjálfari eftir EM í sumar. En nú hefur komið til tals að breyta því og að Lars Lagerbäck deili hlutverki landsliðsþjálfara áfram með Heimi fram yfir HM 2018.

„Ef Lars heldur áfram þarf ég eðlilega að setjast niður með mínum yfirmönnum og fara yfir minn samning. Það var það eina sem ég sagði í þessu viðtali og það er engin kergja eða neitt slíkt sem er að skemma fyrir okkar samstarfi. Við erum allir reiðubúnir að tala saman og komast að niðurstöðu um þessi mál.“

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, hefur áður sagt að von sé á svari frá Lars Lagerbäck um framtíðina í næsta mánuði.

> Við verðum að gæta þess að mæta ekki til leiks í haust eins og sprungnar blöðrur eftir EM.
>
> Heimir Hallgrímsson

> A-landslið karla mun að minnsta kosti spila fjórtán landsleiki á þessu ári, sem er nýtt met. Gamla metið er frá 1988 þegar Ísland spilaði alls þrettán leiki.

## Nýjast

### Vináttulandsleikur í handbolta

**Ísland - Portúgal 26-25**

**Mörk Íslands (Skot):** Rúnar Kárason 7 (10), Arnór Atlason 5/3 (7/4), Ólafur Guðmundsson 4 (6), Arnór Þór Gunnarsson 3 (3), Guðmundur Árni Ólafsson 2 (3), Bjarki Már Elísson 1 (1), Tandri Már Konráðsson 1 (1), Guðmundur Hólmar Helgason 1 (2), Kári Kristján Kristjánsson 1 (2), Stefán Rafn Sigurmannss. 1 (2), Róbert Aron Hostert (1). **Varin skot**: Aron Rafn Eðvarðsson 9 (29/2, 31%), Stephen Nielsen 2 (7/1, 29%).

**Aron Kristjánsson** hvíldi lykilmenn í gær. Björgvin Páll Gústavsson, Vignir Svavarsson, Aron Pálmarsson, Ásgeir Örn Hallgrímsson, Guðjón Valur Sigurðsson, Snorri Steinn Guðjónsson, Alexander Petersson og Róbert Gunnarsson voru ekki með.

### Domino's-deild karla

**Keflavík - Þór Þorl. 91-83**

**Stigahæstir:** Earl Brown Jr. 34/11 frák., Valur Orri Valsson25, Magnús Már Traustason 12, Reggie Dupree 10 - Ragnar Örn Bragason 15, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 14/14 frák., Vance Michael Hall 14.

**Tindastóll - ÍR 79-68**

**Stigahæstir:** Jerome Hill 25/12 frák., Darrel Lewis 17, Pétur Birgisson 15/5 stoðs. - Jonathan Mitchell 26, Sveinbjörn Claessen 18

**Snæfell - Haukar 79-65**

**Stigahæstir:** Sherrod Wright 42/21 frák, Austin Magnús Bracey 11 - Kári Jónsson 19, Hjálmar Stefánsson 12, Emil Barja 10.

**Grindavík - FSu 85-94**

**Stigahæstir:** Þorleifur Ólafsson 22, Ómar Örn Sævarsson 18/14 frák. - Christopher Woods 26/20 frák., Cristopher Caird 21, Ari Gylfason 15.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 20 | Tindastóll | 14 |
| KR | 18 | Snæfell | 10 |
| Þór Þorl. | 14 | Grindavík | 8 |
| Stjarnan | 14 | ÍR | 8 |
| Njarðvík | 14 | FSu | 6 |
| Haukar | 14 | Höttur | 0 |

### Olís-deild kvenna

**Valur - Fram 27-28**

**Markahæstar:** Gerður Arinbjarnar 7, Bryndís Elín Wöhler 6, Sigurlaug Rúnarsdóttir 4/1 - Sigurbjörg Jóhannsdóttir 6/1, Hulda Dagsdóttir 6, Ragnheiður Júlíusdóttir 6/2. **Framliðið** komst upp fyrir Val og í 3. sæti.

### MUNAÐI SAMTALS 9 STIGUM Í SÍÐUSTU ÞREMUR LEIKJUM

KR og Stjarnan mætast í kvöld í lokaleik 12. umferðar Domino's-deildar karla í körfubolta en Stjarnan vann KR einmitt í fyrstu umferðinni. Stjörnumenn unnu tvo af þremur leikjum liðanna á árinu 2015 en hinn sigurinn kom í sjálfum bikarúrslitaleiknum. Það munaði bara samtals 9 stigum á liðunum í þessum þremur leikjum og það má því búast við mjög spennandi leik í Vesturbænum í kvöld en hann verður sýndur beint á Stöð2 Sport 3.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | KR - Stjarnan | Sport 3 |
| 19.45 | Exeter - Liverpool | Sport |
| 22.00 | Körfuboltakvöld | Sport |
| 00.00 | NBA: Wizards-Raptors | Sport |

**Domino's-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | Höttur - Njarðvík | Egilsstaðir |
| 19.15 | KR - Stjarnan | DHL-höllin |

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**Ekkert úr dýraríkinu í mánuð**
**Átakið Veganúar stendur út janúar en það snýst um að lifa vegan-lífi í einn mánuð. Þá eru ekki notuð hráefni úr dýraríkinu.**
**SÍÐA 4**


STÓRÚTSALA 30%-50% AFSLÁTTUR
VETRAYFIRHAFNIR
FRANK LYMAN GLÆSIKJÓLAR –OG M.FL.



www.laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422
Vertu vinur á Facebook


# LÖNGUN Í SÆTT NÁNAST HORFIN

**ICECARE KYNNIR** *Zuccarin er fæðubótarefni sem inniheldur engin lyf. Það hentar þeim sem þurfa að minnka kaloríuinntöku eða draga úr sykurnotkun.*

Hrafnhildur Jónsdóttur reynir að hugsa vel um heilsuna og borða hollan mat og fer reglulega á hestbak, en hún segir sykurinn hafa verið stóran löst í sínu lífi. „Mig langaði til að losna við sykurátið og ekki vildi ég enda með sykursýki 2 eða aðra sjúkdóma en ég var hins vegar ekki nógu viljasterk til að segja nei af því að sjúkleg löngun í sykur var alltaf til staðar.“

Hún segir það geta verið mjög erfitt að halda sig frá sykrinum þar sem hann er í nánast öllu sem við borðum. „Mér hefur allavega ekki tekist að losna við sykurpúkann sem hefur setið á öxlinni á mér og hvíslað að mér að ég eigi skilið smávegis súkkulaði.“

Eftir að Hrafnhildur fór að taka Zuccarin-töflurnar getur hún hins vegar sagt „nei, takk“ við sælgæti eða látið sér duga að fá sér smávegis. „Mér finnst ég vera orkumeiri og mittismálið hefur aðeins minnkað, sem er ekki verra. Ég mæli því eindregið með Zuccarin.“

**BLÓÐSYKURINN Í JAFNVÆGI**

Zuccarin-töflurnar eru aðallega unnar úr laufum af japanska mórberjatrénu. Einnig innihalda þær króm. Laufin innihalda sérstakt efni sem kallast DNJ en það getur komið í veg fyrir upptöku sykurs úr matnum sem við neytum. DNJ getur því haldið blóðsykrinum í jafnvægi og minnkað löngun í sykur. Króm getur hjálpað til við að viðhalda eðlilegum efnaskiptum. Zuccarin er auðvelt í notkun. Taktu eina töflu fyrir hverja máltíð og þú finnur fljótt muninn.



**HRAFNHILDUR JÓNSDÓTTIR** Mælir með Zuccarin. Hún getur nú sagt „nei, takk“ við sælgæti. MYND/GVA




**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is




GULL BYLGJAN 909

heilsuhótel íslands

HEILSUNÁMSKEIÐ
heilsa, hvíld og gleði

VETUR*
8. - 22. janúar 2016
Heilsunámskeið 2 vikur
nokkur herbergi laus

VOR / SUMAR*
1.-15. apríl
Heilsunámskeið 2 vikur
Pantið tímanlega, vinsæll tími

* aðeins þessi 2 námskeið 2016

Góður lífsstíll

Fyrirlesarar og kennarar


Ásdís Ragna Einarsdóttir
grasalæknir


Chad Keilen
BSc Heilsuvísindi


Vigdís Steinþórsdóttir
hjúkrunarfræðingur


Steinunn Aðalsteinsdóttir
heilsumarkþjálfi

Sími 512 8040 | www.heilsuhotel.is | heilsa@heilsuhotel.is
Heilsuhótel Íslands | Lindarbraut 634 | 235 Reykjanesbær

# Létt og ljúffengt í upphafi árs



**LJÚFMETI** Þriðja serían af Matargleði Evu hefur göngu sína á Stöð 2 fimmtudaginn 21. janúar. Hér er hægt að taka forskot á sæluna og prófa rétti sem lífga upp á janúartilveruna.



**KLIKKAR SEINT** Sesarsalat er algengur réttur á veitingahúsum. Það er gaman að útbúa eigið frá grunni.

## SESARSALAT

### HVÍTLAUKSSÓSA

**1 dós sýrður rjómi**
**1 tsk. dijon-sinnep**
**2-3 tsk. majónes**
**1 tsk. hvítvínsedik**
**1 tsk. sítrónusafi**
**Salt og pipar**
**2 hvítlauksrif**
**50-60 g nýrifinn parmesan-ostur**

Maukið allt saman með töfrasprota eða í matvinnsluvél. Geymið í kæli áður en þið berið fram með salatinu.

### SALATIÐ

**3 kjúklingabringur, skornar í teninga**
**Ólífuolía**
**Salt og pipar**
**Kjúklingakrydd**
**100 g beikon**
**Kál, magn eftir smekk (helst romain-salat)**
**1 agúrka**
**10 kirsuberjatómatar**

Skerið kjúklingabringurnar í bita og steikið upp úr olíu, kryddið til með salti, pipar og kjúklingakryddi. Steikið beikonið á annarri pönnu eða steikið í ofni. Saxið kálið smátt og dreifið á fat. Skerið agúrkuna, tómatana og beikonið í litla bita og dreifið yfir kálið. Því næst bætið þið kjúklingabitunum og brauðteningunum yfir salatið. Í lokin rífið þið duglega af parmesan-osti yfir allt salatið og ekki spara ostinn!

## HVÍTLAUKS-BRAUÐTENINGAR

**Hvítt brauð**
**1 dl ólífuolía**
**Salt og pipar**
**2 hvítlauksrif**

Blandið saman ólífuolíu, pressuðum hvítlauk, salti og pipar í skál. Skerið brauðið í teninga og veltið þeim upp úr hvítlauksolíunni. Leggið brauðteningana á pappírsklædda ofnplötu og bakið við 180°C í nokkrar mínútur eða þar til þeir eru gullinbrúnir og stökkir.

## LÉTT OG GOTT CAPRESE

**1 askja kirsuberjatómatar**
**2 kúlur mozzarella**
**Fersk basilíkublöð**
**1 pakki hráskinka eða eins og 6 hráskinkusneiðar**
**1 skammtur basilíkupestó**

## BASILÍKUPESTÓ

**1 höfuð fersk basilíka**
**Handfylli fersk steinselja**
**150 g ristaðar furuhnetur**
**50 g parmesanostur**
**1 hvítlauksrif**
**Safinn úr ½ sítrónu**
**1 dl góð ólífuolía**
**Salt og nýmalaður pipar**

Skerið kirsuberjatómata í tvennt og leggið á pappírsklædda ofnplötu. Sáldrið smá ólífuolíu yfir og kryddið þá til með salti og pipar. Bakið við 180°C í 20 mínútur. Útbúið pestóið á meðan tómatarnir eru í ofninum. Setjið allt í matvinnsluvél eða maukið með töfrasprota, geymið í kæli þar til þið ætlið að bera réttinn fram. Raðið hráskinku á fallegt fat eða disk, rífið niður mozzarella og dreifið yfir, raðið tómötum og basilíkublöðum ofan á. Að lokum setjið þið nokkrar matskeiðar af pestói yfir réttinn og berið einnig pestóið fram með réttinum í sér skál.



**EINFALT EN BRAGÐMIKIÐ** Brauðið er bakað í ofnpotti.



**FLOTTUR PARTÍRÉTTUR** Samsetningin hér er ómótstæðileg.

## EINFALDASTA BRAUÐ Í HEIMI

**470 g brauðhveiti**
**370 ml volgt vatn**
**1 tsk. salt**
**¼ tsk. þurrger**
**1 msk. ferskt rósmarín**
**2 hvítlauksrif**

1. Blandið þurrefnum saman í skál og hrærið vatni saman við. Setjið plastfilmu yfir skálina og geymið við stofuhita í að minnsta kosti tólf klukkustundir.
2. Hellið deiginu á hveitistráð borð og stráið smá hveiti yfir deigið. Saxið rósmarín og hvítlauk mjög smátt og blandið við deigið.
3. Hnoðið deigið rétt aðeins í höndunum og brjótið það saman þannig að það myndi kúlu.
4. Smyrjið ofnpott með olíu og setjið pottinn inn í ofn við 230°C.

Takið pottinn út úr ofninum, setjið brauðið í pottinn og inn í ofn í 30 mínútur. Þegar 30 mínútur eru liðnar takið þið lokið af pottinum og bakið áfram í 10-15 mínútur.



## GRILLUÐ LÁRPERA MEÐ MANGÓI OG CHILI

**Eftir veisludagana undanfarið langar flesta í eitthvað létt og gott. Grilluð lárpera, avókadó, er afar ljúffeng. Hún er fyllt með mangói og chili-pipar, jafnvel rauðlauk og papriku vilji einhver hafa meira á henni. Lárperan er góð ein og sér. Hún hentar líka frábærlega með fiski eða kjúklingi. Uppskriftin miðast við fjóra.**

4 lárperur
1 mangóávöxtur
1 rauður chili-pipar
Safi úr einni límónu
1 msk. ólífuolía
3 msk. smátt skorið ferskt kóríander

Skiptið lárperu í tvennt og takið steininn úr. Best er að hafa þroskaða lárperu en þó ekki of mjúka. Setjið lárperuna undir heitt grill í nokkrar mínútur og búið til salsa úr öðrum innihaldsefnum. Takið lárperuna úr ofninum, fyllið með salsa og setjið aftur inn í ofninn í smástund. Berið fram með laxi eða bleikju.



## KOTASÆLA Í STAÐ ÍSS

**Margir eiga erfitt með að skipta út rjómalöguðum eftirréttinum með súkkulaðisósunni þegar hátíðahöldum jóla og áramóta lýkur. En nýju ári fylgja nýir siðir og gjarnan hollari lifnaðarhættir.**

**Til dæmis væri hægt að trappa sig niður úr dísætum ís með lítilli skál af kotasælu eftir matinn og strá yfir hana ferskum berjum. Jafnvel mætti stelast til að hella einni matskeið af sírópi eða hunangi út á.**

**Kotasælan er að jafnaði með mjög lágt fitu- og kolvetnisinnihald, en hátt hlutfall prótíns.**

**Á Wikipedia.org segir um næringargildi í 100 grömmum af hreinni kotasælu: Orka 452 kJ / 107 kcal. Prótein 13,5 g. Kolvetni 3 g. Fita 4,5 g.**

## HEIMASÍÐAN

**allrecipies.com er síða með ógrynni uppskrifta. Þær eru flokkaðar í forrétti, aðalrétti, eftirrétti, salöt, morgunmat o.s.frv. Lesendur gefa ummæli og stjörnur og er hægt að leita að vinsælustu uppskriftunum, þeim nýjustu eða uppskriftaheitum.**

**Á síðunni eru líka fróðlegar greinar og ráð og hægt er að kaupa aðgang að rafrænum kokkaskóla þar sem kenndar eru hinar ýmsu kokkaaðferðir.**








Baðherbergi


Góðar hirslur


Innbyggðar uppþvottavélar


Pottaskápar


Allar útfærslur


Fataskápar

kitchn
HREINT OG KLÁRT


Sérsmíði


Þvottahús


Úrvalið er hjá okkur

**VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG**
Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

**ÞITT ER VALIÐ**
Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • Mán. - föst. kl. 09-18 • Laugardaga kl. 11-15
friform.is







**VEGAN ÁSKORUN** Sigvaldi Ástríðarson og Sæunn Ingibjörg Marínósdóttir eru í Samtökum grænmetisæta á Íslandi og standa fyrir Veganúar, áskorun um að lifa vegan-lífi í mánuð. MYND/STEFÁN

# VEGAN Í MÁNUÐ

**MATARÆÐI** *Átakið Veganúar stendur út janúarmánuð. Það snýst um að lifa vegan-lífi í einn mánuð og standa Samtök grænmetisæta á Íslandi fyrir því.*

Við í Samtökum grænmetisæta á Íslandi stóðum fyrir Veganúar hér á landi í fyrra en Veganuary hófst á Englandi árið 2014. Við fundum fyrir mikilli jákvæðni gagnvart þessu og fjöldi Íslendinga er enn vegan eftir að hafa tekið þátt í fyrra," segir Sæunn Ingibjörg Marinósdóttir en hún og Sigvaldi Ástríðarson standa fyrir Veganúar annað árið í röð, áskorun um að lifa vegan-lífi í einn mánuð.

„Þetta er skemmtileg áskorun og í byrjun árs er algengt að fólk vilji prófa eitthvað nýtt," segir Sigvaldi. „Takmarkið er að gera enn betur í ár."

**HVAÐ ER VEGAN-MATARGERÐ?**

„Það er bara ein regla í vegan-matargerð: Ekki nota hráefni úr dýraríkinu. Allt annað er leyfilegt," útskýrir Sæunn. „Þrátt fyrir að vegan-lífsstíllinn snúist að miklu leyti um mat þá snýst grundvallarhugmyndafræðin um það að maðurinn hafi ekki tilkall til þess að hagnýta dýr að nokkru leyti. Margir gerast því vegan af siðferðisástæðum og einnig tileinkar fólk sér vegan-lífsstíl vegna umhverfisverndarsjónarmiða. Enn aðrir af heilsutengdum ástæðum. Kostur vegan-matargerðar er hversu einfalt og fljótlegt er að matreiða úr lifandi hráefni. Margir tala líka um hversu mikill léttir það sé að þurfa ekki lengur að hafa áhyggjur af smithættu af kjöti í eldhúsinu. Réttirnir eru flestir bæði auðmeltir og orkugefandi svo líðan margra breytist til hins betra. Ég finn hreinlega enga galla við það að elda vegan-mat, það er meira að segja ódýrara," segir Sæunn og Sigvaldi tekur í sama streng.

„Ég lærði ekki að meta mat fyrr en ég varð grænmetisæta. Þá fyrst fór ég að njóta mín í eldhúsinu. Það er merkilegt hvað maður lærir með því að lesa sér til um innihald þess sem maður neytir. Það eru til dæmis ekki allir sem vita að ostahleypir í íslenskum osti inniheldur efni úr sláturðum dýrum og að hlaupnammi er bragðbætt og litað blanda af fitu og beinum úr dýrum. Annars eru gallarnir við veganisma frekar hugrænir og þá helst í hugum þeirra sem ekki eru vegan. Það virðist nokkuð algengt að fólk breytist í næringarfræðinga og spyrji okkur spurninga um mataræðið og næringu sem það gæti ekki svarað sjálft," segir Sigvaldi.

**LEIÐBEININGAR OG UPPSKRIFTIR**

Þeir sem ætla sér að taka þátt í áskoruninni og lifa vegan lífi í einn mánuð geta fundið upplýsingar á síðunni veganuar.is. Þar er meðal annars að finna lista yfir íslenska vegan-bloggara, matarplön og uppskriftir og upplýsingar um úrval vegan-vara á Íslandi og vegan-rétti á veitingastöðum.

„Við erum einnig að vinna í að koma vefútgáfu í loftið. Um miðjan mánuð sýnum við heimildarmyndina Cowspiracy í Bíói Paradís en hún fjallar um umhverfisáhrif dýraframleiðslu og mun án efa koma mörgum á óvart hversu mengandi þessi iðnaður er," segir Sæunn. „Þá deila bæði gamalreynt veganfólk og nýgræðingar fróðleik á Veganúar-snappinu og í lok átaksins höldum við Pálínuboð þar sem allir þátttakendur geta komið með vegan-rétti á hlaðborð."



**ADUKI-VALHNETUHAKK** MYND/HUGMYNDIR AÐ HOLLUSTU

## UPPSKRIFT AÐ ADUKI-VALHNETUHAKKI Í BOÐI HUGMYNDA AÐ HOLLUSTU – HUGMYNDIRADHOLLUSTU.IS

**1 vorlaukur**
**2 hvítlauksrif**
**Handfylli af niðurskornu bok choy eða kínakáli**
**1 dós af aduki-baunum**
**1 dl valhnetur**
**1 msk. tamari-sósa**
**¼ tsk. laukduft**
**Smá cayenne-pipar**

Setjið valhnetur, tamari-sósu, laukduft og cayenne-pipar í blandara eða matvinnsluvél og púlsið nokkrum sinnum svo blandan verði að „hakki". Ekki mauka alveg. Sett til hliðar.

Saxið lauk og hvítlauk og mýkið í dálitlu vatni á pönnu. Bætið við káli og aduki-baunum og hitið í 2-3 mínútur. Blandið saman við valhnetuhakkið og berið fram með kasjúostasósu og e.t.v. spagettí eða salati.

**KASJÚOSTASÓSA:**

**1 dl kasjúhnetur**
**½ dl vatn**
**2 msk. næringarger**
**1 tsk. laukduft**
**1 tsk. hvítlauksduft**
**1-2 msk. lime-safi**
**Salt**

Látið kasjúhneturnar liggja í bleyti í 2-3 tíma. Hellið vatninu af og maukið allt saman í blandara eða matvinnsluvél. Bætið við vatni eins og þarf, þetta á að vera eins og mjög þykk sósa.







# ENTEROSGEL®

## Einstök meltingarhjálp

ENTEROSGEL ER GEL TIL INNTÖKU SEM GETUR GAGNAST VIÐ ÝMSUM MELTINGARKVILLUM EN EINNIG TIL AÐ HREINSA ÁFENGI HRAÐAR ÚT SEM OG ÚTVORTIS Á BÓLUR OG EXEM.




Viltu vita meira?

Ítarlegri upplýsingar má finna á vefsíðunni
mammaveitbest.is

## MÖGULEG VIRKNI ENTEROSGEL Í LÍKAMANUM

Hjálpar líkamanum að stöðva niðurgang
Dregur úr meltingartruflunum
Hraðar hreinsun áfengis úr líkamanum
Hjálpar líkamanum að viðhalda og byggja upp heilbrigða þarmaflóru
Verndar slímhúð meltingarvegar

## ENTEROSGEL HENTAR BÆÐI BÖRNUM OG FULLORÐNUM

Áratuga reynsla og fjöldi rannsókna hafa sýnt fram á einstaka eiginleika Enterosgel til að hreinsa meltingarveginn og koma jafnvægi á starfssemi hans.

FÆST Í MAMMA VEIT BEST, HEILSUHÚSUNUM OG HEILSUTORGI BLÓMAVALS

# ALLIR Á GÖNGUSKÍÐUM

**GÓÐ HREYFING** *Þeim sem stunda skíðagöngu reglulega hefur fjölgað umtalsvert á síðustu mánuðum. Óskar Jakobsson kennir á gönguskíðanámskeiði um helgina. Hann segir gott að læra réttu hreyfingarnar og fá þannig grunn til að auðvelda sér sportið.*

Algengara er nú en oft áður að sjá fólk renna sér á gönguskíðum, bæði innan borgarmarkanna og uppi í fjöllum. Óskar Jakobsson fór ásamt fleirum af stað með gönguskíðanámskeið sem hefst um helgina og segir hann fjöldann sem skráði sig á námskeiðið hafa komið mjög á óvart. „Við vorum tvö saman sem fórum af stað með þetta en svo varð algjör sprenging í skráningunni þannig að við þurftum að bæta tveimur vinum okkar við til að kenna með okkur. Upphaflega átti námskeiðið að vera fyrir tuttugu manns en nú hafa hátt í hundrað manns skráð sig,“ segir Óskar. Hann játar því aðspurður að skíðaganga gæti vel orðið nýjasta æðið. „Hlaupageirinn er auðvitað orðinn gríðarlega stór hér á landi þannig að þegar snjórinn kemur þá er þetta kannski eðlilegt framhald á því, að skella sér á skíðin.“

## LUNGUN FYLLT Í NÁTTÚRUNNI

Óskar iðkaði skíðagöngu öll uppvaxtarár sín á Ísafirði en þar hefur sú iðkun verið hvað vinsælust. „Núna sér maður fólk úti um allan bæ, á hverjum grasbala, vera að rölta á skíðum. Ef það er nægur snjór þá er ekkert því til fyrirstöðu að skella sér á gönguskíðin nánast hvar sem er, ég hef séð fólk á gönguskíðum til dæmis á Klambratúni og við Rauðavatn. Íþróttin hefur vaxið mjög með Göngu-skíðafélaginu Ulli, þeir hafa haldið vel utan um þetta og hafa smitað út frá sér og það hefur farið gott orð af þessu. Þeir sem prófa gönguskíðin finna það líka fljótt hvað þetta er skemmtilegt og góð hreyfing,“ lýsir Óskar.

Þegar Óskar er beðinn um að nefna það hvað sé svo skemmtilegt við gönguskíðin segist hann varla vita hvar hann eigi að byrja. „Útiveran er það besta við þetta, að vera úti í náttúrunni og fylla lungun af lofti. Svo þarf ekki að bíða í röð eins og þarf að gera í annarri skíðaiðkun. Þetta er bara hreyfing í ákveðinn tíma og svo er gott að koma inn og borða nestið sitt,“ segir hann og brosir.

Þó hægt sé að renna sér á gönguskíðum nánast hvar sem er segir Óskar kostinn við Bláfjöll vera troðnu brautirnar sem þar eru. „Þær gefa manni smá auka og hægt er að fara hraðar um. Þar eru líka brekkur þannig að maður fær meira út úr því.“

## GOTT AÐ LÆRA RÉTTU TAKTANA

Eins og áður segir kennir Óskar réttu taktana á gönguskíðum. Hann segir að í raun og veru geti allir farið af stað á gönguskíðunum en að það sé gott að hafa smá grunn til að auðvelda sér sportið. „Gönguskíði eru ekki til að þramma á heldur til að renna sér á. Á námskeiðunum förum við í alla tæknikennslu, meðal annars hvernig á að beita skíðunum til að koma sér áfram bæði upp og niður brekkur án þess að vera í miklum vandræðum. Svo eru ýmsir fleiri þættir sem gott er að fara í gegnum.“

Fullt er orðið á námskeiðin hjá Óskari og félögum en hann útilokar ekki að fleiri námskeið verði haldin síðar í vetur. Að lokum vildi hann benda þeim sem huga að kaupum á gönguskíðum að passa að kaupa skíði fyrir sína þyngd. „Þyngd fólks er aðalatriðið sem þarf að hugsa um þegar gönguskíði eru keypt því það þarf að vera spenna í skíðunum sem þarf að vera við hæfi hvers og eins. Ef réttu skíðin eru ekki keypt gæti fólk komist að því að það getur ekki rennt sér eða það kemst ekki upp brekkur.“



**GÖNGUSKÍÐAGARPUR** Óskar Jakobsson fór ásamt fleirum af stað með gönguskíðanámskeið sem hefst um helgina og segir hann fjöldann sem skráði sig á námskeiðið hafa komið mjög á óvart. Hann iðkaði sjálfur skíðagöngu öll sín uppvaxtarár á Ísafirði. MYND/STEFÁN






# FÖSTUDAGSPITSA

*Þó auðvelt og þægilegt sé að panta pitsur eru þessar heimatilbúnu margfalt betri.*

Hér er góð uppskrift að pitsubotni sem fengin er að láni hjá vefsíðunni Vinotek.is þar sem finna má fjölmargar girnilegar uppskriftir.

## PITSUBOTN

**DUGAR Í TVÆR STÓRAR PITSUR**

**3 dl vatn/mjólk**
**Hálft bréf þurrger**
**Msk. hunang eða agave-síróp**
**Sjávarsalt**
**Olía**
**6-7 dl hveiti**

Hitið vatn/mjólk (til dæmis í örbylgjunni) þannig að það verði vel volgt. Bætið út í rúmlega hálfu bréfi af þurrgeri, matskeið af hunangi eða agave-sírópi, klípu af sjávarsalti og skvettu af olíu, hrærið vel saman. Mikilvægt að leysa það vel upp í vökvanum. Látið standa í nokkrar mínútur.

Setjið 6-7 dl af hveiti í skál. Gott er að nota venjulegt hveiti og fínmalað spelt nokkurn veginn til helminga. Eða Farro-hveiti fyrir ítalska stemningu.

Blandið gerblöndunni saman við hveitið og látið deigið lyfta sér í a.m.k. rúman hálftíma á volgum stað.

Setjið smá hveiti saman við deigið og hnoðið það vel. Það á verða teygjanlegt og auðvelt meðferðar, þannig að maður geti nánast togað það og teygt að vild. Fletjið út. Mótið deigið á plötuna sem þið ætlið að nota. Það er tilvalið að nota pitsuskera ef þarf að skera deigið til – til dæmis til að gera það hringlaga.

Raðið áleggínu á pitsuna.

Setjið neðarlega inn í heitan ofninn, á hæsta mögulega hitastig, um 250 gráður eða – sem er miklu betra – á grillið þar sem þið náið 300-400 gráða hita.

Til að ná stökkri og fínni pitsu er best að nota svokallaðan pitsustein. Það er best að hita hann á grilli og hita þá vel upp áður en platan með pitsunni er sett á steininn. Steinninn gefur frábæran undirhita auk þess sem meiri hiti næst á góðu grilli en í ofni. Það er hins vegar einnig hægt að nota pitsustein í ofni. Hann þarf hins vegar að hitna vel inni í ofninum áður en bökunarplatan með pitsunni er sett ofan á hann.

Bakið þar til pitsan er orðin stökk og osturinn hefur bráðnað.


**HEIMATILBÚNAR** Pitsur eru bestar þegar þær eru búnar til heima. NORDICPHOTOS/GETTY


BEIN LEIÐ Í 40 ÁR
1975 | Bílabúð Benna | 2015
CORSA
Opel Corsa
Verð frá: 2.390.000 kr.
Útborgun frá aðeins: 239.000 kr.
OPEL CORSA
VALINN BESTU BÍLAKAUPIN
Nú hefurðu tækifæri til að reynsluaka sigurvegara!
AUTOBEST 2015
Við afhendingu á „AUTOBEST 2015“ verðlaununum sæmdi dómnefnd, skipuð bílasérfræðingum frá 15 Evrópuríkjum, Opel Corsa titlinum „Best Buy Car of Europe 2015“. Samkeppnin var hörð en hann stóð uppi sem sigurvegari.
Nú fæst þessi frábæri bíll líka sjálfskiptur.
Kynntu þér Opel Corsa á opel.is eða á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur
Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330
Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ
Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár
OPEL
Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara. *Best Buy Car of Europe - Autobest 2015




Glæsileg útsala
20 - 50% afsláttur

| | Verð nú: | Verð áður: |
|---|---|---|
| Kjóll | 6.900 kr. | 9.900 kr. |
| Pils | 6.900 kr. | 9.900 kr. |
| Buxur | 6.900 kr. | 11.900 kr. |
| Toppur | 5.900 kr. | 8.900 kr. |
| Peysa | 4.900 kr. | 7.900 kr. |
| Poncho | 2.900 kr. | 5.900 kr. |
| Buxur | 7.900 kr. | 12.900 kr. |

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook






**GÓÐAR VIÐTÖKUR** „Maður bíður auðvitað spenntur eftir að heyra hvernig þáttunum verður tekið þegar sýningar hefjast erlendis. Ég hef góða trú á að viðbrögðin verði jákvæð," segir Óskar Þór Axelsson, einn fjögurra leikstjóra Ófærðar. MYND/GVA

# ÁSTARÆVINTÝRI SEM HÓFST SNEMMA

**EFNILEGUR** *Leikstjórinn Óskar Þór Axelsson stýrði þremur þáttum af sakamálaseríunni Ófærð. Mörg spennandi verkefni eru fram undan á nýju ári.*

Íslenska sakamálaserían Ófærð hefur vakið mikla athygli og fengið góðar viðtökur meðal landsmanna. Þættirnir, sem eru framleiddir af RVK Studios, eru úr smiðju Baltasars Kormáks en leikstýrt af honum sjálfum og þremur öðrum leikstjórum, þeim Baldvini Zophoníassyni, Berki Sigþórssyni og Óskari Þór Axelssyni. Tíu þættir voru teknir upp og stýrir hver leikstjóri 2-3 þáttum.

Fyrir Óskar Þór Axelsson var þetta spennandi áskorun en síðasta verk hans, kvikmyndin Svartur á leik, kom út árið 2012 og fékk mjög góðar viðtökur. „Þetta eru auðvitað að mörgu leyti öðruvísi vinnubrögð en maður á að venjast þegar maður leikstýrir einn sinni eigin kvikmynd en um leið ákaflega skemmtileg reynsla. Baltasar, Sigurjón Kjartansson höfundur og hópurinn sem stóð að þáttunum pössuðu vel upp á að leyfa okkur hinum leikstjórunum að koma með hugmyndir í undirbúningsferlinu sem og að gefa okkur töluvert frelsi við að vinna þættina okkar."

**BYRJAÐI UNGUR**

Áhuginn á kvikmyndagerð hefur fylgt Óskari frá því hann var drengur. „Ég byrjaði að gera stuttmyndir þrettán ára. Faðir minn lést fyrir aldur fram skömmu áður og eftir á að hyggja hugsa ég að þetta ástarævintýri mitt við kvikmyndagerð hafi að einhverju leyti byrjað sem flótti frá raunveruleikanum. En áður hafði ég líka alltaf verið að búa til teiknimyndasögur, skrifa sögur og búa til heimatilbúin útvarpsleikrit. Þannig að frásagnargleðin hefur fylgt mér svo langt aftur sem ég man."

Óskar lauk BA-námi í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands en stefndi alltaf á nám í kvikmyndagerð erlendis. Strax eftir útskrift stofnaði hann kvikmyndafyrirtækið Þeir tveir með Gunnari B. Guðmundssyni. „Fyrirtækið var stofnað utan um stuttmynd og í kjölfarið fórum við svo að gera sjónvarpsauglýsingar. Ég var því á fullu í auglýsingabransanum milli 1998 og 2001 þegar ég fór í kvikmyndagerðarnám í New York University."

**ÓMETANLEGT VEGANESTI**

Námið í Bandaríkjunum tók þrjú ár og var mjög krefjandi að sögn Óskars. „Um var að ræða nám í almennri kvikmyndagerð en með áherslu á leikstjórn og handritsgerð. Fyrstu tvö árin eru algjörlega strúktúreruð og maður átti ekki mikið líf utan skólans en lokaárið var frjálsara. Námið hjálpaði mér að þróa minn eigin stíl, en eins mótaði það kvikmyndasmekk minn og að læra að meta þau verk sem saman mynda hinn kvikmyndalega grunn sem við kvikmyndagerðarmenn nútímans erum að byggja ofan á. Það hefur reynst mér ómetanlegt veganesti."

**FÉLL FYRIR BÓKINNI**

Um það leyti sem Óskar var að útskrifast sendu framleiðendur kvikmyndarinnar Svartur á leik honum bókina eftir Stefán Mána sem myndin er byggð á. „Þeir töldu að ég væri einn þeirra sem gætu komið til greina sem leikstjóri þess verkefnis, ekki síst vegna gríðarlegs áhuga míns á glæpamyndum sem þeim var vel kunnugt um. Ég féll strax fyrir bókinni og sá að þarna væri kominn úrvals efniviður til að hefja feril minn sem leikstjóri kvikmynda í fullri lengd."

Hann segir allt ferlið við gerð myndarinnar hafa verið mjög lærdómsríkt. „Ég kom að verkefninu í byrjun árs 2006 og myndin kom út í mars 2012. Ferlið tók því sex ár frá því ég kom að verkefninu og var því nokkuð löng og erfið meðganga. Fæðingin sjálf, þ.e. tökurnar og eftirvinnslan, gekk þó blessunarlega vel og barnið hefur dafnað ágætlega síðan og ég er stoltur af því."

**ÁNÆGÐUR MEÐ ÚTKOMUNA**

Hann er afar ánægður með útkomu Ófærðar og þær viðtökur sem fyrstu þættirnir hafa fengið. „Mér finnst okkur hafa tekist nokkuð vel að gera það sem lagt var upp með, þ.e. skemmtilega og þrælspennandi seríu með góðum karakterum."

Ófærð hefur selst mjög vel erlendis og verður serían m.a. sýnd á besta tíma á mörgum af helstu sjónvarpsstöðvum í Evrópu. „Ég er sérstaklega ánægður með að hún hafi selst til Bandaríkjanna en það er ákaflega erfiður markaður að komast inn á fyrir efni á öðru tungumáli en ensku og því mikil viðurkenning. Maður bíður auðvitað spenntur eftir að heyra hvernig þáttunum verður tekið þegar sýningar hefjast erlendis. Ég hef góða trú á að viðbrögðin verði jákvæð og að meiri eftirspurn fylgi í kjölfarið eftir leiknu íslensku efni."

**SPENNANDI VERKEFNI**

Þessa dagana vinnur Óskar að aðlögun bókar Yrsu Sigurðardóttur, Ég man þig, sem Zik Zak kvikmyndir framleiða ásamt Sigurjóni Sighvatssyni. „Við erum búin að klára tökur á annarri af tveimur sögum sem sagðar eru í þeirri bók. Þessa stundina er ég að snurfusa handritið fyrir seinni söguna sem gerist á Ísafirði ásamt því að vinna að klippingu fyrri hlutans með Kristjáni Loðmfjörð. Tökur á seinni partinum hefjast seint í mars."

Auk þess er hann að vinna í ýmsum öðrum verkefnum. „Þar má m.a. nefna sjónvarpsseríu á vegum Sagafilm sem ég er mjög spenntur fyrir. Hún byggir á karakterum og söguheimi bókaraðarinnar um Stellu Blómkvist. Þá er ég að vinna að nokkrum bandarískum verkefnum en ég er með umboðsmannateymi í Los Angeles og vonandi mun eitthvert þeirra verða að veruleika á næstu árum."

■ starri@365.is


FM957
#FM957
KJARTAN ATLI OG HJÖRVAR HAFLIÐA
BRENNSLAN
NÝR MORGUNÞÁTTUR
FM957
VIRKA DAGA KL. 07-10

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




**ÚTSALA - ÚTSALA**
25-50% afsláttur af öllum vörum. Takmarkað magn. Margar okkar vinsælustu vörum. Millifærsla - netgíró - greiðslukort. www.hush.is

# HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S.698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd. Nuddstofan, opið frá 10-19 og á laugardögum. S. 555 0939

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Looking for rent a one room in the center 101 contact; Rokas rokisland0880@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu snyrtilegt 130fm iðnaðarhúsnæði á Smiðjuvegi. Uppl. í s. 896 0551

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

Atvinnuhúsnæði á Ártúnshöfða til sölu 210m2 á gólfi ásamt 70m2 millilofti, 5m lofthæð. 2 innkeyrsluhurðir og útiaðstaða. s: 5861075/ 8931075

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## Bílskúr

25 fm. bílskúr með hita, á Háaleitisbraut til leigu. 30þús. á mán. án vatns. - sillah_6@hotmail.com uppl í s. 849 8411.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

FREDERIKSEN
ALE HOUSE

Frederiksen Ale House óskar eftir vönum barþjónum og þjónum til starfa. Umsókn sendist á info@frederiksen.is

**LAGHENTA MANNESKJU VANTAR TIL STARFA Á SMÍÐAVERKSTÆÐI, LAGER O.S.FRV.**
Um er að ræða starf við framleiðslu, vinnutími er frá 8 til 18 á daginn.
Aðeins ábyrg, vandvirk, dugleg, heiðarleg, sjálfstæð manneskja með mannleg samskipti á hreinu.
Gott vald á íslensku algjört skilyrði.
Hreint sakavottorð og meðmæli óskast.
**Áhugasamir umsækjendur hafi samband í rekkjan@rekkjan.is**

**ENERGIA VEITINGAST. SMÁRALIND**
óskar eftir starfsmanni í þjónustu í sal og á kaffibar, um er að ræða c.a. hálft starf fastur vinnutími 11:30 - 16 virka daga, með möguleika á aukavinnu. Íslenskukunnátta æskileg, þjónustulund ásamt góðri framkomu og getu til að vinna sjálfstætt og með öðrum nauðsynleg.
Þarf að geta byrjað strax.
**Umsóknir sendist á energia@energia.is**

**HOUSEKEEPERS**
Apartment Hotel in 101 Reykjavik seeks full time and part time housekeepers. Please send applications to: jobs@apartmentk.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**908 5500 - SÍMASEX**
Opið allan sólarhringinn. Algjör trúnaður.




## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

### Fossvogsvegur - Vigdísarlundur, lýsing

Vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsvinnu svæðis í vestanverðum Fossvogi sem afmarkast af Fossvogsvegi í norðri, Árlandi í suðri, göngustíg á móts við Kjalarveg og Ræktunarstöð Reykjavíkur í vestri og lóðarmörkum aðliggjandi byggðar við Ánaland í austri, er nú til kynningar lýsing sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Svæðið hefur fengið vinnuheitið „Fossvogsvegur - Vigdísarlundur“ og nær yfir rúmlega 1,5 hektara svæði. Sjá nánar afmörkun svæðis í lýsingu .

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er landnotkun á svæðinu skilgreind sem íbúðarbyggð. Megintilgangur fyrirhugaðs deiliskipulags á þessum reit er að fylgja eftir áformum aðalskipulags um fullmótun byggðar í vestanverðum Fossvogi og varpa ljósi á hugsanlega nýtingu svæðisins með hliðsjón af uppbyggingu, þó þannig að breytingar á skipulagi gerist á forsendum þeirrar byggðar sem fyrir er. Horfa skal á svæðið í heild og í samhengi við nágrennið, þannig að uppbygging geti styrkt heildaryfirbragð svæðisins og myndað heildstæða byggð. Taka skal tillit til nálægðar við aðliggjandi opin svæði. Reiturinn er í dag að öllu leyti óbyggður.

Lýsingin er orðin aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma ábendingum eða athugasemdum á framfæri til skipulagsfulltrúa, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið ***skipulag@reykjavik.is*** fyrir 5. febrúar 2016.

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

## skemmtanir




**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*“Best geymda leyndarmál Kópavogs”*

**LEIKIR HELGARINNAR**
**LAUGARDAGINN 9. JAN**
14:50 Arsenal - Sunderland
17:20 Man.United - Sheffield United
**Sunnudaginn 10. jan**
13:50 Chelsea - Scunthorpe
15:50 Tottenham - Leicester City

**HLJÓMSVEITIN KLETTAR**




Rúnar Þór,
Rúnar Villavalla,
Tryggvi Hubner,
og Siggi Árna.
Spila um helgina

*Allir velkomnir*

http://www.facebook.com/cafecatalina

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Kjalarnes, Sætún

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. nóvember 2015 og borgarráði Reykjavíkur þann 10. desember 2015 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar að Sætúni I, Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. sameining tveggja lóða í eina og breyting á byggingareit. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Veghúsastígur 9 og 9A

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 9. desember 2015 og borgarráði Reykjavíkur þann 17. desember 2105 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðanna nr. 9 og 9A við Veghúsastíg. Í breytingunni felst m.a. breytt notkun íbúðarhúsnæðis á vestari hluta lóðar í íbúðar- og/eða atvinnuhúsnæði, heimild til reksturs gistiheimilis í flokki I, II eða III, rífa núverandi tengibyggingu á baklóð og byggja nýja tengibyggingu með kjallara milli húsanna, stækkun á byggingareit og hækkun á nýtingarhlutfalli. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 8. janúar 2016 til og með 19. febrúar 2016**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 19. febrúar 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 8. janúar 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um deiliskipulag í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Miklabraut frá Rauðarárstíg að Lönguhlíð

Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að deiliskipulagi Miklubrautar frá Rauðarárstíg að Lönguhlíð. Deiliskipulagstillagan byggir á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030,sem tók gildi með birtingu í B deild Stjórnartíðinda þann 26. febrúar 2014. Þrátt fyrir að meginforsendur fyrirhugaðra framkvæmda við Miklubraut liggi fyrir í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, var ákveðið að gera lýsingu fyrir gerð deiliskipulagsbreytingarinnar sem var kynnt 19. október til 9. nóvember 2015. Í deiliskipulagstillögunni er gerð breyting á útfærslu Miklubrautar á þeim kafla götunnar sem liggur sunnan við Klambratún, þ.e. frá gatnamótum við Rauðarárstíg að gatnamótum við Lönguhlíð. Megintilgangur breytingarinnar er að koma fyrir forgangsleið fyrir Strætó í austurátt meðfram Miklubraut sunnanverðri. Til þess þarf að endurhanna götuna og hliðra henni um eina akrein til norðurs. Gert er ráð fyrir að sú akrein sem nú er sú syrði á austurleið verði því forgangsakrein fyrir strætó og því bætist við ein akrein utan á þá sem nyrst er á vesturleið. Gatan mun því ekki færast nær þeirri íbúðarbyggð sem er sunnan Miklubrautar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að ***Borgartúni 12-14***, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 8. janúar 2016 til og með 19. febrúar 2016**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, **www.reykjavik.is**, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis – og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 19. febrúar 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 8. janúar 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Grundarstígsreitur, lýsing

Vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsvinnu fyrir Grundarstígsreit í miðborg Reykjavíkur er nú til kynningar lýsing sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem segir að þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.
Grundarstígsreitur afmarkast af Grundarstíg, Spítalastíg, Þingholtsstræti og Skálholtsstíg. Þær byggingar sem eru innan svæðisins eru Grundarstígur 2-10 (sléttar tölur) og Þingholtsstræti 25 og 27. Reiturinn er innan staðgreinireits 1.183.3.
Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er reiturinn skilgreindur sem íbúðarbyggð. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir þennan reit. Árið 2011 var unnið deiliskipulag fyrir reitinn og var það samþykkt í borgarráði 22. september 2011. Deiliskipulagið var kært og fellt úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála 1. október 2015. Þessi lýsing er hluti af vinnu við að leggja fram nýtt deiliskipulag fyrir reitinn. Megintilgangur fyrirhugaðs deiliskipulags á þessum reit er að:

- Setja fram megin markmið og áherslur fyrir deiliskipulagssvæðið sem skal vera í samræmi við stefnumörkun borgaryfiralda eins og hún birtist í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Stefna skipulagsyfirvalda á þessu svæði verður áfram sú að halda skuli í hæð og mælikvarðann sem fyrir er í byggðinni.
- Setja fram sérskilmála um uppbyggingarmöguleika fyrir allar lóðir. Á lóð Grundarstígs 10 verða settir fram skilmálar um uppbyggingu viðbyggingar fyrir menningartengda starfsemi. Á lóð Þingholtsstrætis 25 verður skoðað að skipta lóðinni upp og heimila að innrétta allt að fjórar íbúðir í húsnæðinu. Kannaður verður möguleiki að heimila litla viðbyggingu við Spítalastíg, við lóðamörk Grundarstígs 2 þar sem þegar er gamall grunnur.
- Skoðað verður möguleiki að skilgreina almenningsgarð við Þingholtsstræti og skilgreina þar sérstök lóðamörk.
- Ekki verður gert ráð fyrir nýjum bílastæðum innan lóða.

Lýsingin er orðin aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma ábendingum eða athugasemdum á framfæri til skipulagsfulltrúa, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið ***skipulag@reykjavik.is*** fyrir 5. febrúar nk.

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is


## ELDHÚS-ELDHÚS

**Hjá Dóra í Mjódd**

Við leitum að hressum og reglusömum einstaklingi til starfa í eldhúsi okkar, almenn eldhús vinna og afgreiðsla á heitum mat. Kjörið fyrir kjötiðnaðarmann.

Íslenskukunnátta nauðsynleg. Upplýsingar í síma 557 3910






GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK
**Á BÍÓSTÖÐINNI**

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn. **Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.**

365.is | Sími 1817 365

# ALLAR NÝJAR NÁMS BÆKUR

## 25% VILDAR AFSLÁTTUR







30% vildar-afsláttur

**Bréfabindi A4 - 8 cm / 5 cm kjölur**
VILDARVERÐ: 552.-
Verð: 789.-



30% vildar-afsláttur

**Vasareiknir Casio FX-350MS**
VILDARVERÐ: 2.064.-
Verð: 2.949.-



TILBOÐ: PAKKI (5 STK)
30% VILDARAFSLÁTTUR!
1.922.-
áður: 2.745.-

**Stíla/Reikningsbók A4 með gormi**
VILDARVERÐ: 384.-
Verð: 549.-
*Verð pr. stk. í pakka



30% vildar-afsláttur

**Minnisbók m. teygju - A5 / A6**
VILDARVERÐ: 860.- / 699.-
Verð: 1.229.- / 999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildia frá 8.janúar, til og með 10. janúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## Merkisatburðir

**1297** - Mónakó fékk sjálfstæði.




**1928** Knattspyrnufélag Akureyrar var stofnað.
**1947** Enski tónlistarmaðurinn David Bowie fæddist.
**1964** Fyrsta konan var kjörin íþróttamaður ársins á Íslandi, Sigríður Sigurðardóttir handknattleikskona.
**1977** Sovétríkin skutu upp geimfarinu Luna 21.



✝

Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför pabba okkar, tengdapabba, afa og langafa,

**Björns J. Guðmundssonar**
vélvirkjameistara,
áður til heimilis að Karfavogi 25,

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík, þann 9. desember síðastliðinn. Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar F-2 á Hrafnistu, fyrir kærleiksríka umönnun. Einnig þökkum við sr. Sigfinni Þorleifssyni fyrir hlýju og nærgætni.

**Margrét Björnsdóttir** — **Einar Hákonarson**
**Sigrún Björnsdóttir**
**Guðrún Björnsdóttir** — **Sigurður Á. Sigurðsson**
**Jón Axel Björnsson** — **Karen Sigurkarlsdóttir**
**Björn Jóhann Björnsson** — **Vilhelmína Einarsdóttir**
**Unnur Ýr Björnsdóttir** — **Magnús Bogason**
**afa- og langafabörn.**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við veikindi, andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,

**Sigurgeirs Jónssonar**
Fagurhólsmýri.

Einnig sendi ég sérstakar þakkir til starfsfólks á Landspítalanum í Fossvogi og annarra sem lögðu okkur lið þegar á þurfti að halda.

**Fyrir hönd barna, tengdabarna og barnabarna,**
**Guðmunda Jónsdóttir**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Þ. Stefánsdóttir**
Víðilundi 14 c, Akureyri,

lést laugardaginn 2. janúar sl. Útför verður fimmtudaginn 14. janúar nk. kl. 10.30 frá Akureyrarkirkju. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð Kvenfélagsins Hlífar á Akureyri.

**Auður Eyþórsdóttir**
**Eyrún Eyþórsdóttir** — **Jónas Finnbogason**
**og fjölskyldur.**



✝

Við þökkum innilega hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar okkar elskulega

**Einars Arnar Gunnarssonar**
Þingvallastræti 27, Akureyri.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk lyfjadeildar og gjörgæsludeildar Sjúkrahússins á Akureyri fyrir einstaka umönnun. Hugheilar nýárskveðjur til ykkar allra.

**María Jóhannsdóttir og fjölskylda**



**Gullkistan er skipuð þeim Óttari Felix Haukssyni, Ásgeiri Óskarssyni, Gunnari Þórðarsyni og Jóni Ólafssyni. Þeir spila rokk og ról frá sjötta, sjöunda og áttunda áratugnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN ÍSBERG

# Reynsluboltar ætla að koma saman og tjútta

**Hljómsveitin Gullkistan var stofnuð fyrir fimm árum til að spila vinsæla tónlist frá árunum 1955 til 1975. Afmælistónleikar sveitarinnar fara fram í kvöld og annað kvöld.**

Hljómsveitin Gullkistan kemur saman til að fagna fimm ára afmæli sínu á Kringlukránni í kvöld. Hljómsveitina skipa Gunnar Þórðarson, einn ástsælasti tónlistarmaður þjóðarinnar, Jón Ólafsson úr Pelican, Óttar Felix Hauksson, tónleikahaldari og meðlimur hljómsveitarinnar Pops, og Ásgeir Óskarsson Stuðmaður.

„Við tókum upp þráðinn af því að við höfum gaman af því að hittast og spila lögin sem við ólumst upp við,“ segir Óttar. Þeir spila að mestu lög sem voru vinsæl 1955 til 1975, meðal annars Elvis, Bítlana og Rolling Stones.

„Það er oftast þannig að það sem fólk lærir í músík eða hlustar á á sínum unglingsárum ristir djúpt og situr lengi. Það er þess vegna sem við köllum okkur Gullkistuna. Þessi tónlist er gullmolar,“ segir Óttar.

> **Það er oftast þannig að það sem fólk lærir í músík eða hlusta á á sínum unglingsárum ristir djúpt og situr lengi**
> Óttar Felix Hauksson

Hann bendir á að enn sé tónlistin aðgengileg í útvarpi og á netinu eða tónlistarveitum á borð við Spotify. „Þetta var svo gjöfult tímabil í tónlist.“

Hann segir tónleikana vera með svipuðu sniði og fyrri tónleika sveitarinnar, en hún hefur verið nokkuð dugleg að koma fram á síðastliðnum fimm árum. „Við verðum duglegir að spila mikið af lögum og gefum okkur alla í þetta.“

Óttar segir að þrátt fyrir að þetta tímabil í tónlistarsögunni hafi meðal annars einkennst af go-go dönsurum þá hafi sveitin ekki ráðið slíka dansara til sín fyrir tónleikana. „Við ættum kannski að taka þetta upp á tíu ára afmælinu, það er snilldarhugmynd.“

Tónleikarnir fara fram á Kringlukránni í kvöld og annað kvöld. Þeir hefjast klukkan ellefu og standa langt fram á nótt. Rokkunnendur geta byrjað að pússa dansskóna því Óttar lofar tjútti.

**snaeros@frettabladid.is**

8. JANÚAR 1642

## Dánardagur stjörnufræðingsins Galileo Galilei

Á þessum degi árið 1642 andaðist ítalski stjörnufræðingurinn, stærðfræðingurinn og eðlisfræðingurinn Galileo Galilei á Ítalíu, 77 ára að aldri. Hann fæddist þann 15. febrúar 1564. Hann hefur alla tíð verið gífurlega mikils metinn fræðimaður og sést það best á því að hann hefur verið nefndur faðir nútíma stjörnufræði og faðir vísindanna. Hann var upphafsmaður þess að samhæfa kenningu og tilraunir í eðlisfræði. Hann leiddi út lögmálið um jafna hröðun fallandi hlutar og sannreyndi það með tilraunum. Þá leiddi hann út fleygbogaferil hlutar á flugi í þyngdarsviði.






**FJÖLVARP**

Þeir sem fá sér **FJÖLVARPSPAKKA** fyrir 1. febrúar fá fyrsta mánuðinn á **0 kr.**

**Allt á milli himins og jarðar í tveimur sneisafullum pökkum**

**365**

# FJÖLBREYTT **ERLENT EFNI**




Fjölvarp Veröld og Fjölvarp Evrópa veita þér aðgang að bíómyndum, íþróttum, frétta- og fræðsluefni, skemmtiþáttum, barnaefni og alls kyns öðru skemmtilegu og vönduðu sjónvarpsefni. Þú færð **1.000 kr. afslátt** á mánuði af Fjölvarpi Veröld og Fjölvarpi Evrópu ef þú ert með aðra sjónvarpsáskrift hjá 365.

**FJÖLVARP VERÖLD**
**6.590** kr.
Aðeins 220 kr. á dag

**FJÖLVARP EVRÓPA**
**3.290** kr.
Aðeins 110 kr. á dag

**Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is**

PIPAR\TBWA · SÍA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Hægt minnkandi austanátt í dag, og verður veður víðast hvar skaplegt síðdegis á morgun. Éljagangur austan til en bjartviðri víða á vestanverðu landinu. Kólnandi, og vægt frost í kvöld.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -0° | -2° |
| ←17 | ↙16 | ←10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 0° | 2° | -4° |
| ←11 | ←16 | ←19 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -2° | -8° |
| ←11 | ←9 | ←2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | -1° | -8° |
| ↙8 | ↙8 | ←9 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hærra
6. kyrrð
8. kættist
9. siða
11. verslun
12. þúsundasti hluti
14. ana
16. tveir eins
17. sönghús
18. drulla
20. sprikl
21. krukka

**LÓÐRÉTT**
1. íþróttafélag
3. íþróttafélag
4. hvítingi
5. upphaf
7. einhleypur
10. einkar
13. yfirbreiðsla
15. ögn
16. hald
19. ullarflóki



**LÁRÉTT: 2.** ofar, **6.** ró, **8.** hló, **9.** aga, **11.** bt, **12.** millí, **14.** flana, **16.** tt, **17.** kór, **18.** aur, **20.** ið, **21.** krús.
**LÓÐRÉTT: 1.** fram, **3.** fh, **4.** albínói, **5.** rót, **7.** ógiftur, **10.** all, **13.** lak, **15.** arða, **16.** tak, **19.** rú.

### Skák Gunnar Björnsson

Nenand Fercec (2.464) átti leik gegn Bojan Medak (2.253) árið 2000.



**Hvítur á leik**
**18. Dxe5+!! dxe5 19. Hd8+ Ke7 20. Bc5#.** Lítið var um óvænt úrslit í annarri umferð Skákþings Reykjavíkur.
**www.skak.is** Gestamót Hugins og Breiðabliks hófst í gær.





GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK
Á BÍÓSTÖÐINNI

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn. **Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.**

365.is | Sími 1817 365


## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | | 8 | | 9 | | |
| | 7 | | 3 | 9 | | | 8 | |
| 8 | | 5 | | | 2 | 7 | | |
| 4 | | 2 | | | 6 | | | 7 |
| | 1 | | 9 | | | 2 | 5 | |
| | 5 | | 1 | 2 | | | | 3 |
| | | | 4 | 3 | | | | 8 |
| 5 | 4 | 1 | | | | | | 9 |
| | | 7 | | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | | 7 | 3 | | 2 | | |
| | | 1 | | | | 5 | 3 | |
| | 2 | 3 | | 1 | 8 | | | |
| 1 | | | | | 4 | | | |
| | | | | 8 | | 1 | | |
| | 3 | | | 2 | 9 | | 4 | |
| 7 | 5 | 2 | 6 | | | 8 | | |
| | | | | | | 7 | 6 | 5 |
| | | | 8 | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | | 2 | |
| 5 | 6 | | | | | | | |
| 2 | | | 6 | | 7 | | | 1 |
| | | 8 | | 7 | 4 | | | |
| | 3 | | 8 | | | 4 | | |
| 6 | | | | 1 | | | | |
| | 8 | | 2 | | 9 | | 1 | 5 |
| | 9 | 5 | | 6 | 1 | | | 8 |
| | | | 3 | | | | 6 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 9 | 7 | 3 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 5 | 2 | 6 | 3 |
| 1 | 5 | 3 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 5 | 4 | 1 | 6 | 7 | 9 | 3 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 |
| 3 | 9 | 7 | 8 | 5 | 2 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 6 |
| 7 | 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 1 | 9 | 2 |
| 9 | 2 | 5 | 3 | 6 | 1 | 8 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 9 | 2 | 8 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 6 | 8 | 1 | 3 | 4 | 5 | 9 | 2 | 7 |
| 4 | 7 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 |
| 1 | 9 | 8 | 4 | 3 | 2 | 5 | 7 | 6 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 5 | 8 | 2 | 4 | 9 |
| 5 | 2 | 4 | 6 | 7 | 9 | 8 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 5 | 7 | 2 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 8 | 6 | 7 | 5 | 9 | 4 | 1 | 3 | 2 |
| 2 | 4 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 7 | 5 | 6 | 1 | 3 | 8 | 2 |
| 5 | 1 | 8 | 3 | 2 | 9 | 6 | 7 | 4 |
| 6 | 2 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 5 | 1 |
| 1 | 3 | 9 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 5 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 | 1 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 7 | 6 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 2 | 6 | 1 | 9 | 3 | 7 | 8 | 4 | 5 |
| 3 | 7 | 5 | 6 | 8 | 4 | 1 | 2 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÚTSALA
20–70%
afsláttur
Opið:
Mánudaga til föstudaga: kl. 9–18 | Laugardaga: kl. 11–16 | Sunnudag: kl. 12–16
www.rafkaup.is
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800



**Ragnheiður Guðbjargar og Hrafnkelsdóttir ritaði inngang að ljóðabók ömmu sinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stolnar stundir að yrkja

Nýlega kom úr safn ljóða eftir Guðrúnu Stefánsdóttur frá Fagraskógi. Guðrún var fædd árið 1893, þriðja í röð sjö systkina og þar á meðal var hið þjóðþekkta ljóðskáld Davíð Stefánsson. Bókin er gefin út í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna en að útgáfunni standa afkomendur og velunnarar. Inngang skrifar Ragnheiður Guðbjargar Hrafnkelsdóttir en Guðrún var amma Ragnheiðar.

„Amma var hugrökk og sjálfstæð kona. Hún naut ekki mikillar menntunar en kom reyndar af frekar vel stæðu fólki miðað við aðstæður þess tíma. Henni tókst þó að koma sér í Kvennaskólann, inn á fjórða ár og lauk prófi árið 1913. Þetta þótti ágætis menntun fyrir konu á þeim tíma.

Hún giftist Jóni Magnússyni skáldi og beyki árið 1930 og eignuðust þau þrjár dætur á árunum 1930 til 1935 en árið 1940 stofnaði hún svo Nýtt kvennablað ásamt Jóhönnu Þórðardóttir og Maríu Knudsen. Blaðinu var ætlað að vera vettvangur og málsvari íslenskra kvenna í baráttu þeirra fyrir auknum réttindum. Einnig var mikilvægur þáttur í útgáfu blaðsins að birta ljóð og sögur eftir konur. Þarna voru íslenskir kvenrithöfundar og skáld að stíga sín fyrstu skref og þar á meðal Guðrún frá Lundi. Dalalíf birtist til að mynda fyrst sem framhaldssaga í þessu blaði og varð þar mjög vinsæl.

Konurnar sem ritstýrðu blaðinu með henni féllu svo báðar frá þannig að eftir 1946 þá stóð hún ein í útgáfunni. Hún var að reyna að lifa af þessu því hún missti manninn sinn 1944 og stóð uppi sem ekkja með þrjár ungar dætur. En hún kláraði sig alltaf alveg rosalega vel í öllu og tókst svona flest sem hún ætlaði sér.

Hún gaf sér svo tíma til þess að yrkja en það voru stolnar stundir. Magnið af ljóðum er því ekki mikið og handrit engin. Ég safnaði saman því sem hún birti en svo fann ég t.d. eitt kvæði sem var skrifað á umslag og því var haldið til haga vegna þess að það átti að geyma bréfið.“

Ragnheiður segist velta því fyrir sér hvort amma hennar hafi litið á sig sem skáld. „Hún hefur eflaust ætlað sér það þegar hún var ung. Maðurinn hennar var þekkt skáld á sínum tíma og vinur Davíðs bróður hennar. En þetta eru sömu ræturnar.“

magnus@frettabladid.is

## Vísur um sólina

Ljósið ég þráði og lífið ég kaus
þótt lítil ég væri og umkomulaus,
með vonina í brjóstinu vappaði af
stað:
að vorsólin kyssti mig eins fyrir það.

Hún aftur og aftur í felur þó fór
er ferðina lengdi og ég orðin stór.
En þess vegna kveð ég og syng henni
söng
að sambúðin okkar var aldrei of löng.

*Guðrún Stefánsdóttir frá Fagraskógi (Nýtt kvennablað, júní-september 1945)*


# 40.000

FBL fréttaþyrstir notendur

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

Download on the App Store · Download from Windows Store · Google play

FRÉTTABLAÐIÐ








**Marta María vinnur með akrýlliti og Hulda með olíu. Marta á verkin efst í dálkinum og Hulda, sem er í mynstruðu peysunni, á málverkið á myndinni til vinstri við þær stöllur. Nú verður draumur þeirra um að sýna saman að veruleika.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Látum teikningarnar skríða upp á vegginn

**Ný málverk og teikningar eftir listmálarana Huldu Vilhjálmsdóttur og Mörtu Maríu Jónsdóttur mynda sýninguna Roði, strokur og andrá sem opnuð verður í Listasafni ASÍ á morgun.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Þar sem nakin ösp strýkur bogagluggann í norðri og sólböðuð Hallgrímskirkja blasir við fjær, eru myndlistarkonurnar Hulda Vilhjálmsdóttir og Marta María Jónsdóttir að stilla upp málverkum sínum á efstu hæð Listasafns ASÍ við Freyjugötu 41. Eiga samt eftir að finna þeim endanlegan sess á sýningunni sem þær ætla að opna á morgun klukkan þrjú undir yfirskriftinni Roði, strokur, andrá. Af hverju skyldu þær sýna saman?

„Við höfum alið þá hugmynd með okkur í mörg ár,“ segir Marta María og Hulda kinkar kolli til samþykkis. Þær segjast hafa byrjað á sama tíma í Myndlista- og handíðaskólanum og fylgst að í náminu. „Síðan deildum við vinnustofu á tímabili í verbúðunum vestur á Granda. Þar héldum við sýningar, meðal annars á Hátíð hafsins, Menningarnótt og við fleiri slík tilefni,“ lýsir Marta María.

**MÉR FINNST MÁLVERK OG LJÓÐ TENGJAST ÞVÍ LJÓÐ ERU OFT SVO MYNDRÆN.**

„Svo erum við báðar kvenkyns málarar og höfum markvisst unnið í myndlist frá því við útskrifuðumst úr Myndlista- og handíðaskólanum árið 2000,“ segir Hulda og bendir á að þó verkin þeirra séu gerólík þá rími þau vel saman, enda noti báðar pensilinn sem verkfæri og myndi með honum línur. Verk Mörtu Maríu séu þó mínímalískari en hennar sem sum hver séu máluð út frá ljóðum. „Mér finnst málverk og ljóð tengjast því ljóð eru oft svo myndræn.“

„Við ætlum líka að velja nokkrar teikningar og láta þær skríða upp á vegginn,“ upplýsir Marta María og bendir á bunka með teikningum sem eftir er að raða.

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 300.000kr afslætti
**Frystikistur frá 24.995**
Philips bluetooth hátalarar með allt að 67% afslætti
**Blu-ray DVD spilarar með allt að 33% afslætti**
Örbylgjuofnar með allt að 50% afslætti
**Ofnar, háfar og helluborð á frábærum verðum**
Panasonic þvottavélar frá 49.995
**Kæliskápar með allt að 46% afslætti**
Kaffivélar, brauðristar og önnur smátæki á miklum afslætti
**Philips heyrnartól með allt að 60% afslætti**
Pottar, pönnur og búsáhöld með allt að 75% afslætti

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**TAKMARKAÐ MAGN**
*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
THE 8TH FILM BY QUENTIN TARANTINO
THE HATEFUL EIGHT
- CHICAGO SUN-TIMES
AÐEINS 950 KR BÍÓMIÐINN
TILBOÐSHELGI í Smárabíó 8. til 10. janúar
JENNIFER LAWRENCE ROBERT DE NIRO BRADLEY COOPER
-S.G.S, MBL
JOY
Frá leikstjóra Silver Linings Playbook og American Hustle
BIG SISTERS DON'T ALWAYS KNOW BEST.
TINA FEY AMY POEHLER
SISTERS
AÐEINS 950 KR BÍÓMIÐINN
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
THE HATEFUL EIGHT
DADDY'S HOME
STAR WARS
SISTERS

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE HATEFUL EIGHT | 5, 9 |
| DADDY'S HOME | 5, 8, 10:10 |
| STAR WARS 2D | 5 |
| SISTERS | 8, 10:30 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ ÞAÐ MARGBORGAR SIG
Frábær grínmynd með Will Ferrell og Mark Wahlberg í aðalhlutverkum.
DFW.COM
WHAT CULTURE
DADDY'S HOME
Þökkum frábærar viðtökur 70.000 manns
K.Ó. VISIR.IS
USA TODAY
TOTAL FILM
S.G.S. MORGUNBLAÐIÐ
STAR WARS THE FORCE AWAKENS
NÝÁRSMYNDIN 2016
BOSTON GLOBE
HASARATRIÐIN GERAST EKKI FLOTTARI
MEIRIHÁTTAR ÁRAMÓTASPRENGJA
POINT BREAK
LUKE BRACEY
EDGAR RAMIREZ
TERESA PALMER
RAY WINSTONE

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| DADDY'S HOME | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 - 10:40 |
| POINT BREAK | KL. 5:30 - 8 - 10:30 - 10:55 |
| STAR WARS 3D | KL. 5 - 8 - 10:55 |
| STAR WARS 2D | KL. 8 |
| STAR WARS 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:55 |
| SMÁFÓLKIÐ ÍSL TAL 2D | KL. 4 - 6 |
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 8 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| POINT BREAK | KL. 8 - 10:30 |
| STAR WARS 3D | KL. 6 - 9 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| POINT BREAK | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| STAR WARS 3D | KL. 7 - 10 |
| STAR WARS 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| DADDY'S HOME | KL. 8 - 10:10 |
| POINT BREAK | KL. 10:55 |
| STAR WARS 3D | KL. 5 - 8 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| POINT BREAK | KL. 10:55 |
| STAR WARS 3D | KL. 8 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

SMÁFÓLKIÐ
GÓÐA RISAEÐLAN

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

## 8. JANÚAR 2016

### Tónlist

**Hvað?** Vínartónleikar 2016
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Eldborgarsalur, Harpa
Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabil verið allra vinsælustu og fjölsóttustu tónleikar hennar. Gullmolar úr smiðju valsakóngsins Johanns Strauss prýða efnisskrá tónleikanna, sem hefjast á forleiknum að óperettunni Leðurblökunni og lýkur á Dónárvalsinum. Auk þess sem valsar, marsar, polkar og Vínarljóð, aríur og dúettar sem allir þekkja fá að fljóta með. Guðrún Ingimarsdóttir sópransöngkona, Elmar Gilbertsson tenórsöngvari og sænski hljómsveitarstjórinn Ola Rudner láta til sín taka í slagtogi við Sinfóníuhljómsveitina. Miðaverð er 3.400 til7.900 krónur.

**Hvað?** Trio Grande
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bjórgarðurinn
Trio Grande leikur sérlega kokteiltónlist í vönduðum útgáfum. Í tríóinu eru þeir Pétur Valgarð Pétursson á gítar, Ólafur Þór Kristjánsson á bassa og Ingólfur Sigurðsson á trommur. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Franski raftónlistarmaðurinn Opaque Transparent
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Í kvöld mun franski raftónlistarmaðurinn Opaque Transparent koma fram, en Opaque Transparent er listamannanafn hins 23 ára gamla Samuel Gouttenoire, frá Lyon í Frakklandi sem hefur verið búsettur í Reykjavík undanfarið. Á tónleikunum í Mengi mun Opaque Transparent flytja tónlist sem tengist nýrri plötu sem kemur út á vegum franska útgáfufyrirtækisins Planespotting Records núna á vormánuðum. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Axel Flóvent
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Húrra
Axel Flóvent hitar upp fyrir Eurosonic-hátíðina sem hann hyggst sækja í næstu viku, og halda þaðan áfram til Hollands og Póllands. Leggur hann Bandaríkin að fótum sér í febrúar og mars, svo hann hvetur sem flesta til að kíkja við á Húrra í kvöld, þar sem aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Dúettinn Föstudagslögin ásamt Hugleiki Dagssyni
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Stebbi Jak og Andri Ívars hafa í rúmt ár komið fram saman sem dúettinn Föstudagslögin og halda því áfram í kvöld er þeir bjóða gestum í mikið fjör. Auk þeirra verður svo grínistinn Hugleikur Dagsson á staðnum og sér til þess að gestir fái nóg af kolsvörtu uppistandi líkt og honum einum er lagið. Aðgangseyrir 2.000 krónur.


Axel Flóvent verður með tónleika á Húrra í kvöld. MYND/GUNNAR ÁSGEIRSSON

**Hvað?** Vertigo, Skerðing og At Breakpoint
**Hvenær?** 22.30
**Hvar?** Bar 11
Hljómsveitirnar Vertigo, Skerðing og At Breakpoint stíga á svið á Bar 11 í kvöld. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** The Joshua Tree með U2
**Hvenær?** 23.59
**Hvar?** Spot, Kópavogi
Írska U2 tribute-hljómsveitin The Joshua Tree frá Dublin kemur fram í Kópavogi í kvöld. Ætla þeir félagarnir að fara í gegnum tónlistarsögu þessa heimsfræga bands á tónleikunum. Aðgangseyrir 3.000 krónur.


Valgerður Þóroddsdóttir er meðal þeirra sem koma fram í ljóðapartíi á Gauknum í kvöld.

### Myndlist

**Hvað?** Teikn og allskonar fínt
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Grófin
Allir eru velkomnir á opnun myndasögusýningar Lilju Hlínar Hólmfríðar-Pétursdóttur og Sigmundar B. Þorgeirssonar í myndasögudeild Borgarbókasafnsins í dag. Á sýningunni ætlar Lilja að sýna myndasögur úr sínu daglega lífi, hvort sem er á Íslandi eða erlendis. Sigmundur mun sýna skissur af lokaverkefni sínu, bókinni Super Viking Boy: When Alien Robots Attack! ásamt öðrum skissum.

### Ljóðalist

**Hvað?** Ljóðapartí
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagata 22
Í kvöld verður blásið til ljóðapartís á Gauknum, en þar gefst gestum færi á að hlusta á fjölbreyttan hóp ljóðskálda lesa upp á íslensku, spænsku og finnsku, en í ljóðapartíinu verða einmitt finnskir tónlistarmenn og skáld. Kynnir kvöldsins er Hildur Knútsdóttir rithöfundur og meðal þeirra sem koma fram eru Kristín Svava Tómasdóttir, Lommi, Orlando Luis Pardo Lazo, Ragnar Helgi Ólafsson, Soffía Lára og Valgerður Þóroddsdóttir. Aðgangur ókeypis.


Hugleikur verður með dúettnum Föstudagslögunum á Café Rosenberg í kvöld.

BÍÓ PARADÍS
A PERFECT DAY
BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Glænýja Testamentið ........ 17:45
Magic in the Moonlight ... 18:00
Þrestir ........ 18:00
A Perfect Day ...... 20:00, 22:00
45 Years ........ 20:00
Fúsi ........ 20:00
Youth ........ 22:00
Hrútar ........ 22:00
45

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 50%





**OFNAR, HELLUBORÐ, KÆLISKÁPAR, ÞVOTTAVÉLAR, HRAÐSUÐUKATLAR, ÖRBYLGJUOFNAR, UPPÞVOTTAVÉLAR, HEILSUGRILL, KAFFIVÉLAR, ÚTLITSGALLAÐAR KITCHENAID HRÆRIVÉLAR!**









*Sjá allt úrvalið á www.ef.is*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is

*Mánudaga-föstudaga 9-18 og laugardaga 11-15*




**2 | 19:15**
**AMERICAN IDOL**
Ný þáttaröð þessa vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu. Draumasveitin frá því í fyrra situr enn í hásætinu en hún samanstendur af Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr. Kynnir er Ryan Seacrest.


SKEMMTILEGT
**FÖSTUDAGSKVÖLD!**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
**365**




**2 | 22:15**
**CAPTIVATED: THE TRIALS OF PAMELA SMART**
Sannsöguleg mynd frá 2014 um Pamelu Smart sem var dæmd fyrir að hafa skipulagt morð á eiginmanni sínum. Yfirheyrslunni var sjónvarpað í beinni útsendingu um alla Ameríku, en á þessum tíma var raunveruleikasjónvarp ekki þekkt. Aðalhlutverk leika þau Nicole Kidman, Joaquin Phoenix, Helen Hunt og Matt Dillon.

**b | 20:25**
**JUSTIN BIEBER'S BELIEVE**
Frábær heimildamynd um söngvarann Justin Bieber, á sviði og utan þess, þegar frægðarsól hans skein hvað skærast.



**3 | 20:50**
**NCIS LOS ANGELES**
Spennandi þáttur um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni.



**G | 22:50**
**THE MENTALIST**
Sívinsælir og þrælskemmtilegir þættir um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.10** The Middle
**08.30** Grand Designs
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Hart of Dixie
**11.10** Guys With Kids
**11.40** Bad Teacher
**12.05** Eldhúsið hans Eyþórs
**12.35** Nágrannar
**13.00** Last Chance Harvey
**14.30** Words and Pictures
**16.30** Community 3
**16.55** Kalli kanína og félagar
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** The Simpsons Átjánda og nýjasta þáttaröð langlífustu og einnar allra farsælustu gamanþáttaraðar í sögu sjónvarpsins. Hómer missir enn einu sinni starfið í kjarnorkuverinu en í þetta sinn ákveður hann að gerast íssölumaður. Þetta verður til þess að Marge uppgötar leynda listræna hæfileika.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag Andri, Margrét Erla, Lóa Pind og Pétur Jóhann færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu á hverjum degi.
**19.25** American Idol
**20.50** American Idol
**22.15** Captivated: The Trials Of Pamela Smart
**23.50** In the Blood Hasarmynd frá árinu 2014 sem fjallar um hjónin Övu og Derek sem njóta lífsins í fríi á Karíbaeyjum. Skyndilega hverfur Derek á dularfullan hátt, en Ava eiginkona hans gerir allt til þess að finna hann og hafa upp á þeim sem hún telur vera ábyrga fyrir hvarfi hans.
**01.40** Hercules
**03.15** Words and Pictures
**05.10** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

**07.30** Keflavík - Þór Þ.
**11.45** Napoli - Torino
**13.25** Ítölsku mörkin 2015/2016
**13.55** League Cup Highlights
**14.25** Juventus - Verona
**16.10** NBA Rising
**16.35** NFL Gameday
**17.05** Keflavík - Þór Þ.
**18.40** La Liga Report
**19.10** FA Cup - Preview Show
**19.40** Exeter - Liverpool FC BEINT
**22.00** Körfuboltakvöld
**00.00** Washington - Toronto BEINT

## SPORT 2

**11.20** WBA - Stoke
**13.05** Man. Utd. - Swansea
**14.45** Messan
**16.05** Sunderland - Aston Villa
**17.50** Premier League World
**18.20** Watford - Man. City
**20.00** PL Match Pack
**20.30** Crystal Palace - Chelsea
**22.10** Arsenal - Newcastle
**23.50** Leicester - Bournemouth

## GOLFSTÖÐIN

**08.20** Inside the PGA Tour
**08.45** Hyundai Tournament of Champions
**12.45** Golfing World
**13.35** Hero World Challenge
**18.35** Inside The PGA Tour
**19.00** Hyundai Tournament of Champions
**23.00** Hyundai Tournament of Champions

## STÖÐ 3

**18.20** Hart of Dixie
**19.05** Guys with Kids
**19.30** Comedians
**19.55** Suburgatory
**20.20** Lip Sync Battle
**20.45** NCIS Los Angeles
**21.30** Justified
**22.15** First Dates
**23.05** Grimm
**23.45** Sons of Anarchy
**00.50** Comedians
**01.15** Suburgatory
**01.35** Lip Sync Battle
**02.00** NCIS Los Angeles
**02.40** Justified
**03.25** First Dates
**04.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Tommi og Jenni
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Rasmus Klumpur
**08.55** UKI
**09.00** Lukku-Láki
**09.23** Kalli á þakinu
**09.47** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Ofurhundurinn Krypto
**10.25** Ljóti andarunginn og ég
**10.47** Ævintýraferðin
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.45** Doddi litli og Eyrnastór
**11.55** Tommi og Jenni
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.55** UKI
**13.00** Lukku-Láki
**13.23** Kalli á þakinu
**13.47** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Ofurhundurinn Krypto
**14.24** Ljóti andarunginn og ég
**14.46** Ævintýraferðin
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.45** Doddi litli og Eyrnastór
**15.55** Tommi og Jenni
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Rasmus Klumpur
**16.55** UKI
**17.00** Lukku-Láki
**17.23** Kalli á þakinu
**17.47** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Ofurhundurinn Krypto
**18.24** Ljóti andarunginn og ég
**18.46** Ævintýraferðin
**19.00** Hákarlabeita 2



Tommi og Jenni, kl. 07.55, 11.55 og 15.55

## GULLSTÖÐIN

**18.45** The Big Bang Theory
**19.10** Friends
**19.40** The New Girl
**20.05** Modern Family
**20.30** Hlemmavídeó
**21.00** It's Always Sunny in Philadelphia
**21.25** Hostages
**22.10** The Glades
**22.55** The Mentalist
**23.40** Mr. Selfridge
**00.30** Hlemmavídeó
**01.00** It's Always Sunny in Philadelphia
**01.20** Hostages
**02.05** The Glades
**02.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**12.05** And So It Goes
**13.40** A Fish Called Wanda
**15.25** Justin Bieber's Believe Frábær heimildarmynd sem fjallar um líf Justins Bieber á sviði og utan þess þegar frægðarsól hans skein sem skærast.
**17.00** And So It Goes
**18.35** A Fish Called Wanda Sígild og algjörlega drepfyndin gamanmynd þar sem þeir Monty Python-snillingarnir John Cleese og Michael Palin fara á kostum ásamt Kevin Kline og Jamie Lee Curtis. Myndin fjallar um bankarán sem mislukkast þegar ræningjarnir snúast hver gegn öðrum.
**20.25** Justin Bieber's Believe
**22.00** The Bag Man
**23.50** Taps
**01.55** Blood Ties Hér er sögð saga bræðranna Chris og Franks sem hafa farið ólíkar leiðir í lífinu. Chris hefur haft viðurværi sitt af alls kyns glæpum en Frank er lögreglumaður í New York. Chris lendir í fangelsi og þegar hann er látinn laus er hann fljótlega kominn á kaf í vafasöm viðskipti á nýjan leik og hætturnar leynast við hvert fótmál. Það kemur í hlut bróður hans að bæði handsama hann og verja.
**04.05** The Bag Man

## RÚV

**16.10** Downton Abbey
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Lundaklettur
**18.02** Vinabær Danna tígurs
**18.15** Franklín og vinir hans
**18.37** Uss-Uss
**18.50** Öldin hennar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Augnablik – úr 50 ára sögu sjónvarps
**20.00** Útsvar
**21.15** Áramótaskaup 2015
**22.25** Sherlock Holmes
**23.55** Hunangsgildran
**02.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Kitchen Nightmares
**09.45** Minute to Win It
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.40** King of Queens
**14.05** Dr. Phil
**14.45** Life in Pieces
**15.10** Grandfathered
**15.35** The Grinder
**15.55** Jennifer Falls
**16.20** Reign
**17.05** Philly
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.15** The Voice
**21.45** The Voice
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** Rookie Blue
**23.55** Nurse Jackie
**00.25** Californication
**00.55** Ray Donovan
**01.40** State Of Affairs
**02.25** Hannibal
**03.10** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**03.50** The Late Late Show with James Corden
**04.30** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

SAMSUNG

# 12 kg þvottavél

ecobubble™ TECHNOLOGY




**kr. 149.900.-**

WW12H8400EW/EE

*Gerð: Eco Bubble (sparkerfi sem þvær betur) / Taumagn: Tekur 12 kg / Vindingarhraði: 1400 sn/mín, afgangsraki 45% / Kolalaus mótor: 10 ára ábyrgð á mótor / Fuzzy-logig magnskynjunarkerfi / Hraðkerfi: 15 mín. / Þvottahæfni: A / Þeytivinduafköst: A / Orkuflokkur: A+++ / Tromlutegund: “Swirl Drum” dregur úr sliti á taui og eykur þeytivinduafköst / Keramik element hitar betur og safnar ekki húð / Hurðarlöm og krókur úr málmi / Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott / Ullarkerfi: ullarvagga / Stilling allt að 19 klst. fram í tímann. / Ekki hægt að breyta stillingum á vélinni í vinnslu / Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn vatnsleka / 850 x 600 x 650mm*




SAMSUNG WF70

**7 KG. 1400 SN. KR. 79.900,-**




SAMSUNG WW80

**8 KG. 1400 SN. KR. 99.900,-**




SAMSUNG WF80

**8 KG. 1400 SN. KR. 89.900,-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Frægir á ferð og flugi

Það er nóg um að vera fyrstu vikuna í janúar vestanhafs. People's Choice-verðlaunin voru afhent, Georg prins byrjaði í leikskóla og Dr. Phil og Amber Rose pósuðu saman í partíi.



Það verður að segjast eins og er að þetta er ansi ólíklegt tvíeyki þótt þau **Dr. Phil** og **Amber Rose** taki sig vel út saman, en þau voru bæði viðstödd eftirparti eftir People's Choice Awards á miðvikudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY



Leikkonan **Melissa McCarthy** var að vonum ánægð með að hafa unnið til verðlauna sem besta gamanleikkonan á People's Choice Awards. McCarthy er stórkostlega fyndin og sló eftirminnilega í gegn í kvikmyndinni Bridesmaids árið 2011 og síðan þá hefur hún leikið í fjölda gamanmynda.



Fyrirsætan **Gigi Hadid** er með allt á hreinu þegar kemur að lúkkinu og var flott þegar hún spókaði sig í New York í vikunni.



**Kate Hudson** var heldur betur flott á People's Choice Awards í samfestingi frá fatamerki Sólveigar Káradóttur, Galvan.



**Georg prins** byrjaði á leikskóla á miðvikudaginn og eins og sjálfsagt vel flestar mæður gera á slíkum tímamótum í lífi barna sinna smellti hertogaynjan af Cambridge einni mynd af frumburðinum.




Rapparinn **Ice Cube** og leikarinn **Kevin Hart** skelltu sér í heimsókn í þáttinn Despierta America og löðuðu þar fram ljúffenga rétti en þeir leika í myndinni Ride Along 2 sem frumsýnd verður 15. janúar vestanhafs.



LAND ROVER DISCOVERY 4

# FARÐU ALLA LEIÐ

LAND ROVER
ABOVE & BEYOND

Land Rover Discovery 4 hefur slegið í gegn um allan heim. Hann er ekki einungis einstaklega fallegur jeppi heldur er hann tæknilega fullkominn og hannaður fyrir ferðalagið og fjölskylduna. Farangursrými er eitt það allra mesta sem um getur eða 1192 lítrar auk þess sem hann er fáanlegur 7 sæta. Discovery 4 sameinar betur en nokkur annar jeppi fullkomið notagildi og hæfni til að takast á við erfiðar akstursaðstæður. Þannig er dráttargeta 3500 kg og vaðdýpt 70 cm. Discovery 4 er með öfluga 210 hestafla vél, mjög sparneytinn eða frá 8,8 l/100 km í blönduðum akstri og búinn loftpúðafjöðrun á öllum hjólum ásamt hinu rómaða Terrain Response drifbúnaðarkerfi. Verið velkomin í reynsluakstur.

www.landrover.is



Land Rover Discovery 4 S kostar frá 11.740.000 kr. með 210 hestafla dísilvél sem togar 520 Nm og eyðir einungis 8,8 l/100 km í blönduðum akstri miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# OMAM og Baggalútur berjast um 1. sætið

Plötusala Íslandi hefur að öllum líkindum dregist saman um 20 til 25 prósent á milli ára, ef litið er á plötusölu fyrir síðasta ár.

Plötusala á Íslandi hefur að öllum líkindum dregist saman um 20 til 25 prósent á milli ára, ef litið er á plötusölu fyrir síðasta ár. „Það lítur allt út fyrir það að það sé 20 til 25 prósent samdráttur í plötusölu, sem er svipaður samdráttur og árið á undan,“ segir Eiður Arnarsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra hljómplötuframleiðenda.

Tónlistinn, sem inniheldur þrjátíu söluhæstu plöturnar í viku hverri yfir árið, hefur birt nokkurs konar bráðabirgðalista yfir fimmtíu söluhæstu plöturnar á árinu 2015. Listinn sá er þó ekki tæmandi. Í tilkynningu með listanum segir: „Á þessum lista er einungis um að ræða smásölu í verslunum Hagkaupa, Pennans / Eymundsson, 12 Tóna, Elko, Smekkleysu plötubúð, Kaupfélags Skagfirðinga, Vefverslun Record Records, Heimkaupa, N1 og Tónlist.is. Ekki bárust tölur frá Samkaupum og Lucky Records sem að öllu jöfnu taka þátt í Tónlistanum. Tónlistinn er því ekki tæmandi úttekt á allri smásölu á Íslandi því í hann vantar ýmsa tilfallandi sölu. Til að mynda sölu í öðrum verslunum og á tónleikum listamanna og getur því í mörgum tilfellum munað allnokkru á þessum tölum og endanlegum sölutölum ársins en þær munu liggja fyrir í lok janúar.“

Of Monsters and Men og Baggalútur eiga að öllum líkindum söluhæstu plötur ársins, annars vegar er það platan Beneath the Skin og hins vegar platan Jólaland. „Þessi listi er einungis vísbending um hvernig lokatölurnar geta orðið. Við sjáum þó að söluhæstu titlarnir eru lægri en áður og það má mögulega rekja það til þess að fæstir af söluhæstu listamönnum þjóðarinnar gáfu út plötu á árinu, eins og til dæmis Ásgeir Trausti, Mugison, Páll Óskar, Hjálmar og Retro Stefson svo nokkur nöfn séu nefnd,“ segir Eiður.

Þó svo að Of Monsters and Men séu í efsta sæti og Baggalútur í öðru, segir Eiður að það gætu orðið einhver sætaskipti á endanlega listanum. „Sumir titlanna hafa selst vel á tónleikum, veit ég, og það er því alveg klárt að það verða einhver sætaskipti.“

Talið er að sölutölurnar á umræddum lista geti hækkað um 20 til 30 prósent en það á þó ekki við um alla titla. „Það eru nokkrir listamenn þarna sem hafa verið duglegir við að selja plötur á tónleikum, sem gætu bætt við sig,“ segir Eiður. gunnarleo@frettabladid.is

## VÍNYLLINN VINSÆLLI

„Nýjasta plata Adele, 25, seldist í um tvö þúsund eintökum hér á landi á árinu en af þessum tvö þúsund eintökum voru um 250 vínylplötur. Það sýnir okkur að hópurinn er að breikka og stækka sem kaupir vínyl. Undanfarið hefur indie-rokkið verið sterkt á vínylnum.“ Ásmundur Jónsson, útgáfustjóri Smekkleysu.

Þess má til gamans geta að um þriðjungur af þeim titlum sem komu út á geisladisk á síðasta ári komu einnig út á vínyl.

## LÍKLEGAR SÖLUTÖLUR

Beneath the Skin með Of Monsters and Men og Jólaland með Baggalúti virðast hafa selst í um 4.000 eintökum.

Tíminn líður hratt með Magga Eiríks, Fyrir sumarið með ýmsum flytjendum og 25 með Adele hafa selst í um 2.000 til 2.500 eintökum og restin á topp 10 á bilinu 1.300 til 2.000 eintaka.



Of Monsters and Men á líklega mest seldu plötu síðasta árs með plötuna Beneath The Skin. MYND/MEREDITH TRUAX



Baggalútur gaf út plötuna Jólaland á síðasta ári og er hún ein af mest seldu plötum síðasta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




# EPLA- OG PERUDAGAR

**1.379** kr. kg
**Bónus Beikon**

**298** kr. 1 l
**Dream**
Rísmjólk, möndlumjólk, hnetumjólk

Lífrænt

**698** kr. 1 l
**Kókosvatn**
Lífrænt, 1 lítri

**398** kr. 500 ml
**Kókosvatn**
Lífrænt, 500 ml

VISTVÆN STJÖRNUEGG

12 egg

**598** kr. 816 g
**Stjörnu Brúnegg**
12 stór egg, 816 g
Verð áður 698 kr.

4 pakkar

**998** kr. 4 pk.
**Always Dömubindi**
4 pack

MEGA XL PACK

Allt að 245 þvottar

**4.998** kr. kg
**Ariel Þvottaefni**
Allt að 245 þvottar

**2.849** kr. 270 g
**Amino Energy**
**Fæðubótarefni** 270 g, 8 tegundir

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **10. janúar** eða meðan birgðir endast





**Gnúsi, Salka og Steinunn í dúndrandi stuði í stúdíóinu þar sem þau voru að taka upp nýja smáskífu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kannast allir við það að gleyma sér

AmabAdamA tekur upp nýtt efni og stefnir á að senda frá sér plötu á árinu. Auk þess heldur hljómsveitin sína fyrstu tónleika í útlöndum.

Hljómsveitin AmabAdamA er þessa dagana í stúdíói þar sem unnið er að því að taka upp nýja plötu sem stefnt er á að komi út á árinu.

„Við erum að byrja að taka upp nýja plötu. Lagið sem við erum að taka upp núna heitir Æjæjæjæj. Við frumfluttum það um verslunarmannahelgina. Núna langar okkur til þess að fara að gefa það út,“ segir Steinunn Jónsdóttir, önnur söngkona hljómsveitarinnar, en sveitina skipa níu einstaklingar og forsprakkar hennar eru, auk Steinunnar, Magnús Jónsson, eða Gnúsi Yones og Salka Sól Eyfeld.

Síðasta smáskífan af nýju plötunni sem hljómsveitin sendi frá sér var lagið Óráð sem kom út í maí síðastliðnum. Lagið hlaut góðar viðtökur en það er eftir Gnúsa Yones og textinn ljóð eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi.

Steinunn segir hljómsveitina að sjálfsögðu halda sig við sólskinsreggíið þó þau séu aðeins farin að gæla við döbbið. „Það er aðeins meira sólskin í sumum lögunum á meðan önnur eru kannski örlítið mystískari,“ segir hún og bætir við að nýja platan sé kannski örlítið meira bland en sú fyrri.

**Þyrst í að spila**

Árið 2015 var talsvert annasamt hjá hljómsveitinni sem spilaði mikið vítt og breitt um landið. „Það var mikið að gera út sumarið og við tókum meðvitaða ákvörðun um að draga okkur örlítið í hlé eftir verslunarmannahelgina til þess að hafa tíma til þess að hittast meira, semja og æfa eitthvað nýtt.“ Núna hefur sveitin fengið nægan tíma til að semja og æfa og kominn tími til skella sér aftur upp á svið. „Við erum orðin mjög þyrst í það að spila og það er aldrei að vita hvort við skellum í tónleika í bænum bráðum.“

Á næsta ári heldur AmabAdamA í sína fyrstu tónleikaferð til útlanda og mun meðal annars koma fram á tónleikahátíð á túrnum. „Við erum að fara að spila í útlöndum í fyrsta sinn og það er mjög spennandi. Ég fór með Reykjavíkurdætrum til Malmö í september og það var ný upplifun. Það er gaman að spila fyrir nýtt fólk á nýjum stað og svo er alltaf gaman að fara til útlanda,“ segir hún glöð í bragði. Að sögn umboðsmanns hljómsveitarinnar, Sindra Ástmarssonar, munu tónleikar hljómsveitarinnar fara fram í Bretlandi, á Spáni og hugsanlega í Þýskalandi.

**Fjallar um að gleyma sér**

Nýja lagið er væntanlegt á öldur ljósvakans innan nokkurra vikna en það ber nafnið Æjæjæjæj. „Það fjallar um það þegar maður ætlar að fara að gera eitthvað en svo kemur eitthvað annað í staðinn sem fangar athygli manns og verður til þess að maður gleymir sér,“ segir Steinunn og bætir við að flestir geti sjálfsagt tengt við umfjöllunarefni lagsins. „Til dæmis einhver fallegur maður eða falleg kona, eða bara Esjan eða sjórinn,“ segir hún hlæjandi og bætir við að hljómsveitarmeðlimir gætu sjálfsagt flokkast sem býsna gleymnir en áreitið sé líka meira en það var, þá sérstaklega með tilkomu snjallsíma.

„Í mínum hluta textans er ég að tala um þegar maður á kannski að skrifa ritgerð en bara gleymir sér aðeins og festist í tölvunni, fer út að skemmta sér eða fer jafnvel að vaska upp í staðinn fyrir að fara að læra,“ segir Steinunn kímin og auðheyrt er að hún kannast eitthvað við þær aðstæður sjálf. „Magga texti fjallar til dæmis um þegar hann er að keyra og sér svo sæta stelpu að hann fer yfir á rauðu ljósi. Ég veit nú ekki alveg hvort það byggir á reynslu,“ segir Steinunn að lokum og skellir upp úr.

gydaloa@frettabladid.is

**ÆJÆJÆJÆJ**

Ég var úti að labba að hugleiða
um heimsfrið og ást.
Æjæjæjæjæj og svo gleymdi ég
mér.
Og afhverju svona margir á
jörðinni þurfað slást.
Æjæjæjæjæj og svo gleymdi ég
mér.
Fór að pirra mig á allri þessari
spilltu pólitík.
Æjæjæjæjæj og svo gleymdi ég
mér.
Því um leið og ég sá þig var ég
bara holy sjiittt.
Æjæjæjæjæj viltu byrja með mér?
Keyrði yfir rautt ljós það birtust
blikkandi blá.
Æjæjæjæjæj lögregluþjónn, úps
ég gleymdi mér.
Hann horfði á mig brosandi,
blíður blikkandi já.
Æjæjæjæjæj þarna gleymdir þú
þér.
Ég bara gleymi mér þegar
fegurðina sé.
Dett inn í draumalandið raunveruleikinn tekur hlé.
Sit í grasinu og stari á hana labbandi framhjá.
Það er eins og tíminn stöðvist og
eina hljóðið er hjartað mitt að slá.

**MAGGA TEXTI FJALLAR TIL DÆMIS UM ÞEGAR HANN ER AÐ KEYRA OG SÉR SVO SÆTA STELPU AÐ HANN FER YFIR Á RAUÐU. ÉG VEIT NÚ EKKI ALVEG HVORT ÞAÐ BYGGIR Á REYNSLU.**

GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI

BÍÓSTÖÐIN ER Í SKEMMTIPAKKANUM

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn.

365.is | Sími 1817 365

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 og Akureyri. Sími 519 6000 — geysir.com

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Kjartans Atla Kjartanssonar



# Segðu það sem þér finnst

Í vikunni lét Heimir Hallgrímsson, annar landsliðsþjálfara Íslands í knattspyrnu, hafa það eftir sér að hann gæti hætt með landsliðið ákveði Lars Lagerbäck að halda áfram sem þjálfari. Eins og flestir vita hafa þeir félagar þjálfað liðið saman með góðum árangri undanfarin fjögur ár. Fyrstu tvö árin gegndi Heimir stöðu aðstoðarþjálfara, en 2013 var ákveðið að Heimir og Lars yrðu báðir aðalþjálfarar.

Upphaflega stóð til að Lars myndi láta af störfum eftir Evrópukeppnina í sumar. En í lok síðasta árs lét Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, hafa það eftir sér að hann vonaðist til þess að Lars héldi áfram með liðið. Sem sagt, nú hefur orðið ákveðin kúvending; Heimir átti að stýra liðinu einn, en horfir nú jafnvel fram á fleiri ár í samstarfi með Lars.

Ummælin vöktu mikla athygli meðal íþróttaáhugafólks. Á samfélagsmiðlunum sá maður að mörgum þótti skrítið að Heimir léti hafa þetta eftir sér opinberlega. Sjálfur var ég hálfpartinn á þeirri skoðun, þar til ég velti þessu fyrir mér frá öðrum hliðum og góðir menn settu þetta í samhengi.

Ég held að margir geti sett sig í spor Heimis. Hann hefur verið svolítið í skugganum af Lars þessi tvö ár og hefur eflaust verið fullur eftirvæntingar, hlakkað til að fá að stýra liðinu sjálfur. Eflaust spyrja einhverjir sig samt hvort það sé rétt að opinbera pirringinn.

Ummælin ættu ekki að hafa nein áhrif á liðið. Í fyrsta lagi eru leikmennirnir allir sjóaðir og spila flestir fyrir stóra klúbba erlendis, og því vanir mikilli umfjöllun fjölmiðla. Leikmennirnir vita pottþétt hvað Heimir er að hugsa og hefðu jafnvel bara fundið pirring hans, ef hann ætlaði sér að þegja. Ég held í rauninni að leikmennirnir muni bara bera meiri virðingu fyrir Heimi, að koma fram í fjölmiðlum og segja það sem honum finnst. Alltof margir eru hræddir við það.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Póst dreifing
við komum því til skila
VIÐ ELSKUM SNJÓ EN...
værirðu til í að hafa útiljósin kveikt og stéttina auða ... fyrir okkur?
www.postdreifing.is

ÞÚ FINNUR RÉTTA RÚMIÐ HJÁ OKKUR



ÚTSALA
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477
DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100
SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is
Betra BAK